

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILOGU • APRÍL 2013

Líahóna

**Jesús Kristur: Frelsari
og fyrirmynd, bls. 18, 26**

Vinir eru fólk sem . . . , bls. 52

**Hefur þú snúist til trúar?
10 atriði til að komast að því, bls. 56**

**Segja börnum ykkar frá
musterinu, bls. 62, 64**



*„Ljós Krists
er hinn guð-
legi kraftur
eða áhrif
sem streymir
frá Guði fyrir
Jesú Krist.
Það glæðir
allt ljósi
og lífi.“*

Öldungur Richard G. Scott
í Tölpóstulasveitinni,
„Peace of Conscience and
Peace of Mind,“ *Liahóna*,
nóv. 2004, 15.



BOÐSKAPUR

- 4 **Boðskapur Æðsta forsætisráðsins: Hann er upprisinn**
Henry B. Eyring forseti
- 7 **Boðskapur heimsóknarkennara: Musterissáttmálar**

GREINAR

- 12 **Líf og dauði: Skilningur brautryðjanda á upprisunni**
Brautryðjendur og fyrri spámenn vitna um von upprisunnar.

18 Hlutverk og þjónusta Jesú Krists

Öldungur Russell M. Nelson
Við getum hagnýtt okkur fimm atriði tengd lífi frelsarans, er við reynum að fylgja honum og skilja friðþægingu hans.

26 Páskavikan

Í síðustu viku lífs síns gerði frelsarinn undursamlegasta kraftaverk allra.

30 Hjálpa börnum að búa sig undir skírn

Jessica Larsen og Marissa Widdison
Hvað geta foreldrar gert til að auka merkingu skírnar barna sinna?

34 Aðdráttarafli musterisins


Öldungur Jairo Mazzagardi
Lærið hvernig musteríð getur stuðlað að trúskiptum.

ÞÆTTIR

- 8 **Minnisbók aprílráðstefnu: Læra saman ráðstefnuræður**
Greg Batty
- 9 **Kenna *Til styrktar æskunni:* Mikilvægi góðra vina**
- 10 **Trú okkar: Heilagur andi huggar, innblæs og vitnar**
- 36 **Frá Síðari daga heilögum**
- 74 **Kirkjutíðindi**
- 80 **Uns við hittumst á ný: Drekkja af uppsprettunni**
Aaron L. West

Á FORSÍÐU

Forsíða: Ljósmynduð teikning eftir Tim Taggart
© IRI. Baksíða: Ljósmynduð teikning eftir Matthew Reier. Innanverð forsíða Ljósmynd eftir Kristine Šumska.



40

40 Velja það sem betra er

Matthew D. Flitton

Zoltán þurfti að láta af ýmsu góðu til að lifa fyllilega eftir fagnaðareringi Jesú Krists.

52



42 Spurningar og svör

Hvernig útskýri ég fyrir vinum mínum að slæmt sé að brjóta skírlífislögmálið?

44 Hvernig þjóna á í köllum prestdæmisins

Thomas S. Monson forseti

Lærið hvernig ná má til annarra, kenna þeim og hafa áhrif á þá.

45 Síðurnar okkar

46 Hvers vegna Mormónsbók er okkur nauðsynleg

Fjórar ástæður fyrir mikilvægi Mormónsbókar.

48 Vöxtur í frjósömum jarðvegi: Trúfast æskufólk í Úganda

Cindy Smith

Þessir piltar og stúlkur eflast af því að fjórna í þágu fagnaðareringisins.

52 Til styrktar æskunni: Hvað er sannur vinur?

Elaine S. Dalton

54 Hvernig ég veit það: Boð mitt til hjálpræðis

Emerson José da Silva

Þegar ég loks þáði boð vinar míns, varð mér ljóst að ég hafði uppgötvað nokkuð mikilvægt.

56 Tíu atriði til að komast að því hvort þú hefur snúist til trúar

Tyler Orton

Það sem ég lærði um trúarumbreytingu hjálpar mér að greina þroska minn í fagnaðareringinu.

59 Veggspjald: Erfiðið er vel þess virði



61

60 Amma Deny og litli trúboðinn hennar

Emília Maria Guimarães Correa

Ást Vítors á fagnaðareringinu varð til að glæða trúarumbreytingu ömmu hans.

61 Sérstakt vitni: Hvers vegna er nafn kirkjunnar svona langt?

Öldungur M. Russell Ballard

62 Musterishátíðahöld!

Darcie Jensen

Hvarvetna um heim fagna börn því að musteri eru nærri þeim.

64 Spurningar og svör um musterið

Svör við spurningum líkt og:

Hvers vegna höfum við musteri? Hvað á sér stað í musteum?

65 Tónlist: Fjölskyldur geta verið saman að eilífu

Ruth Muir Gardner og

Vanja Y. Watkins

66 Koma með Barnafélagið inn á heimilið: Jesús Kristur endurreisti kirkju sína á síðari dögum

68 Á slóðanum: Þar sem kirkjan var stofnuð

Jan Pinborough

70 Fyrir yngri börnin

81 Mannlýsing spámanns: Wilford Woodruff



Reyndu að finna mynd af Líahóna falda í þessu blaði. Vísbending: Notaðu ofurhetjúsónina.

Útgáfa alþjóðatimarits Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðgjafi: Thomas S. Monson,
Henry B. Eyring, Dieter F. Uchtdorf

Sveit postulanna tólf: Boyd K. Packer, L. Tom Perry, Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, M. Russell Ballard, Richard G. Scott, Robert D. Hales, Jeffrey R. Holland, David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson, Neil L. Andersen

Ritstjóri: Craig A. Cardon
Leiðbeinendur: Shayne M. Bowen, Bradley D. Foster, Christoffel Golden yngri, Anthony D. Perkins

Framkvæmdastjóri: David T. Warner

Yfirmaður fjölskyldu- og meðlimastuðnings:

Vincent A. Vaughn

Yfirmaður Kirkjutimarita: Allan R. Loyborg

Viðskiptastjóri: Garff Cannon

Aðalritstjóri: R. Val Johnson

Aðstoðarritstjórn: Ryan Carr, LaRene Porter Gaunt

Aðstoðarmaður við útgáfu: Melissa Zenteno

Ritverk og ritstjórn: Susan Barrett, David Dickson, David A. Edwards, Matthew D. Flitton, Mindy Raye Friedman, Lori Fuller, Garry H. Garff, Jennifer Grace Jones, Hikari Loftus, Michael R. Morris, Richard M. Romney, Paul VanDenBerghe, Julia Woodbury

Framkvæmdastjóri listhönnunar: Tadd R. Peterson

Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, C. Kimball Bött, Thomas Child, Kerry Lynn C. Herrin, Colleen Hinkley, Eric P. Johnsen, Scott M. Mooy, Brad Teare

Hugverkasmæring: Collette Nebeker Aune

Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters

Framleiðsla: Connie Bowthorpe Bridge, Howard G. Brown, Julie Burdett, Bryan W. Gygi, Kathleen Howard, Denise Kirby, Ginny J. Nilson, Ty Pilcher, Gayle Tate Rafferty

Prentsmið: Jeff L. Martin

Framkvæmdastjóri prentsviðs: Craig K. Sedgwick

Dreifingarstjóri: Evan Larsen

Farið á store.lds.org eða hafið samband við Dreifingarstöð kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga deildar ykkar eða greinar varðandi áskrift og áskriftargjöld utan Bandaríkjanna og Kanada.

Sendið handrit og fyrirspurnir á netinu á liahona.lds.org; með tölvupósti á liahona@ldschurch.org; eða með hefðbundnum pósti til *Liahona*, Rm. 2420, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.

Tímaritið *Liahona* (hugtak í Mormónsbók sem tákna „áttavita“ eða „leiðarvísi“) er gefið út á albönsku, armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku, hollensku, eistlensku, fíjímáli, finnsku, frönsku, grísku, haítímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku, japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku (einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, litháensku, malagísku, marshallesemáli, mongólísku, norsku, pólsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli, slóvensku, spænsku, svahílímáli, sænsku, tagalogmáli, tahítímáli, tékknesku, thaimáli, tongamáli, úkraínsku, ungersku, úrdumáli, vietnömsku og þýsku. (Fjöldi útgefina blaða er mismunandi eftir löndum).

© 2013 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in the United States of America.

Heimilt er að afrita texta og myndefni í *Liahona* til nota heima eða í kirkju, en ekki í hagnaðarskyni. Óheimilt er að afrita myndefni, sé þess getið í höfundarreit verksins. Sendu ætti spurningar um höfundarrétt til Intellectual Property Office, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150, USA; netfang: cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada: April 2013 Vol. 27 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480) Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year (April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA subscription price is \$1.00 per year; Canada, \$1.20 plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City, Utah. Sixty days' notice required for change of address. Include address label from a recent issue; old and new address must be included. Send USA and Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit card orders (American Express, Discover, MasterCard, Visa) may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send address changes to Salt Lake Distribution Center, Church Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368.

Hugmyndir að fjölskyldukvöldi

Í tímariti þessu eru greinar og athafnir sem hægt væri að nota á fjölskyldukvöldi. Hér á eftir koma nokkur dæmi.



LÖGMYNDUR TEKINGJÓR EFTIR CODY BELL © IRI

„Hlutverk og þjónusta Jesú Krists,“

bls. 18: Öldungur Russell M. Nelson miðlar fimm atriðum tengdum lífi Jesú Krists sem við getum hagnýtt okkur. Íhugið að ræða þessi atriði og hvernig þið getið hagnýtt ykkur þau í lífinu. Þið getið lesið sögu í ritningunum um líf frelsarans eða horft á biblíustuttmynd (biblevideos.lds.org) sem er lýsandi fyrir eitt atriðanna. Þið getið endað á að gefa vitnisburð ykkar um líf og starf hans og með því að syngja „Auk heilaga helgun“ (Sálmar, nr. 39).

„Hvað er sannur vinur?“

bls. 52: Þið getið byrjað á því að spyrja: Hvað er sannur vinur? Lesið skilgreiningu og umræðu

öldungs Roberts D. Hales um hvers kyns vinir okkur ber að vera. Íhugið að segja frá reynslu þar sem einhver kom fram við ykkur sem sannur vinur og að ræða um viðhorf sem hjálpað getur fjölskyldumeðlimum að verða betri vinir annarra.

„Musterishátíðahöld!“

bls. 62: Skoðið myndirnar með fjölskyldu ykkar af mismunandi musterishátíðahöldum barna. Íhugið að sýna mynd af því museri sem næst er ykkur og ræða um mikilvægi mustera. Leggið áherslu á að fjölskyldur geti aðeins innsiglast í musterum. Þið getið endað á því að syngja „Fjölskyldur geta átt eilífð saman“ (bls. 65).

Á ÞÍNU TUNGUMÁLI

Liahona og fleira kirkjuefni er aðgengilegt á mörgum tungumálum á languages.lds.org.

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu blaðsíðu greinar.

Aðalráðstefna, 8, 37

Bæn, 18, 45

Dauði, 4, 12, 39

Endurreisnin, 66

Fjölskyldan, 30, 65

Fordæmi, 48

Forgangsatríði, 40

Förn, 40

Friðþægingin, 18, 26, 45

Gleði, 37

Heilagur andi, 10, 36

Helgiathafnir, 18

Hlýðni, 40, 42, 56

Innblástur, 36, 38

Jesús Kristur, 4, 18, 26

Joseph Smith, 66

Kennsla, 8, 9, 30

Kirkjustofnunin, 61

Mormónsbók, 46

Musteri, 34, 62

Musterisstarf, 7, 64, 38,

65, 80

Opinberun, 10, 46

Prestdæmið, 44

Sakramenti, 18

Sáttmálar, 7

Skirlífi, 42

Skírn, 30

Staðlar, 42, 45

Trú, 48

Trúarumbreyting, 34, 54,

56, 60

Trúboðsstarf, 34, 39, 48,

52, 54, 60

Upprisan, 4, 12, 26

Vínátta, 9, 52, 54

Von, 12

Wilford Woodruff, 81

Þjónusta, 44, 70

Þolgaði, 59



Henry B. Eyring
forseti

fyrsti ráðgjafi í Æðsta
forsætisráðinu

Hann er upprisinn

Viðnisburður um raunveruleika upprisú Jesú Krists, glæðir bæði von og eflir staðfestu. Þetta á við um öll börn Guðs. Það upplifði ég á sumardegri í júní 1969, þegar móðir mín lést, og þannig hefur það verið alla tíð síðan og mun verða þar til ég sé hana að nýju.

Sorg yfir tímabundnum aðskilnaði hvarf og í hennar stað kom gleði. Í henni fólst meira en aðeins von um gleðilega endurfundi. Þar sem Drottinn hefur opinberað svo margt með spámönnum sínum og heilagur andi hefur staðfest sannleika upprisunnar fyrir mér, fæ ég séð í huga mínum hvernig endurfundir mínir verða við helgaða og upprisna ástvini:

„Þetta eru þeir, sem koma munu fram í upprisu hinna réttvísu. . . .

Þetta eru þeir, sem eiga nöfn sín skráð á himni, þar sem Guð og Kristur eru dómamar allra.

„Þetta eru þeir, sem eru réttvísir menn, fullkomnir gjörðir fyrir Jesú, meðalgöngumann hins nýja sáttmála, sem leiddi til lykta þessa fullkomnu friðþæginu með því að úthella sínu eigin blóði“ (K&S 76:65, 68–69).

Þar sem Jesús Kristur rauf helsi dauðans, munu öll börn himnesks föður, sem í heiminn fæðast, rísa upp í líkama sem aldrei mun deyja. Þannig mun vitnisburður minn og ykkar, um þennan dýrðlega sannleika, taka burtu sorgina yfir missi ástkærra fjölskyldumeðlima okkar eða vina og í hennar stað kemur eftirvænting og örugg staðfesta.

Drottinn hefur gefið okkur öllum gjöf upprisú, þar sem andar okkar fá búsetu í líkama sem ekki er háður líkamlegum ófullkomleika (sjá Alma 11:42–44). Ég mun sjá móður mína unga og ljómandi, þar sem áhrif aldurs og

líkamlegra þjáninga verða ekki sjáanleg. Það verður henni og okkur öllum gjöf.

En þau sem óska að vera ævarandi með henni, þurfa að tileinka sér þá valkosti sem nauðsynlegir eru til að verða hæf fyrir það samband, að dvelja þar sem faðirinn og hans elskaði og upprisni sonur dvelja í dýrð. Aðeins á þeim stað fær fjölskyldulíf haldið eilíflega áfram. Vitnisburður um þennan sannleika hefur aukið mér staðfestu um að gera mig hæfan, og þau sem ég elska, fyrir æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins, með því að gera friðþæginguna að virku afli í lífi okkar (sjá K&S 76:70).

Drottinn sér okkur fyrir handleiðslu í þessari leit okkar að eilífu lífi með sakramentisbænunum, sem hjálpa mér og geta hjálpað ykkur. Okkur er boðið að endurnýja skírnar-sáttmála okkar á hverri sakramentissamkomu.

Við lofum því að hafa frelsara okkar ávallt í huga. Táknin um fórn hans stuðla að þakklæti okkar fyrir hið dýra gjald sem hann þurfti að reiða af höndum til að rjúfa hlekki dauðans, sjá okkur fyrir miskunn og fyrirgefningu allra okkar synda, ef við viljum iðrast.

Við lofum því að halda boðorð hans. Þegar við lesum ritningarnar og orð lifandi spámanna og hlýðum á innblásna ræðumenn á sakramentissamkomum okkar, erum við minnt á sáttmála okkar um að gera svo. Heilagur andi vekur upp í huga okkar og hjarta þennan dag minningu um þau boðorð sem við þurfum að halda.

Í sakramentisbænunum lofar Guð að senda okkur heilagan anda sem förunaut (sjá Moró 4:3; 5:2; K&S 20:77, 79). Ég hef komist að því á þeirri stundu að Guð getur veitt mér að því að virðist persónulegt viðtal. Hann vekur upp í huga mér það sem ég hef gert honum til





HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Við ættum að „[til-
einka] okkur allar
ritningargreinarnar, svo
að þær [verði] okkur
til gagns og fróðleiks“
(1 Ne 19:23). Íhugið
að lesa sakramentis-
bæinirnar í Kenning og
sáttmálar 20:76–79. Eftir
að þið hafið lesið kenn-
ingar Eyrings forseta um
sakramentisbæinirnar,
getið þið beðið þau sem
þið kennið að íhuga
hvernig bæinirnar geti
veitt þeim handleiðslu
í lífinu og hjálpað þeim
að snúa að nýju til dvalar
há himneskum föður og
Jesú Kristi.

velþóknunar, það sem ég þarf að iðrast
af og hljóta fyrirgefningu fyrir og nöfn og
ásjónur þeirra sem hann óskar að ég þjóni
í hans þágu.

Í árána rás hefur þessi endurtekna
reynsla snúið von yfir í kærleikstilfinningar

og veitt fullvissu um að miskunn hafi orðið
að veruleika fyrir mig með friðþægingu og
upprisu frelsarans.

Ég ber vitni um að Jesús er hinn upprisni
Kristur, frelsari okkar, og okkar fullkomna
fyrirmynd og vegur til eilífs lífs. ■

Persónulegt viðtal þitt við Guð

Eyring forseti kennir að okkur geti liðið líkt og við séum í persónulegu viðtali við Guð, þegar við hlýðum á sakramentisbænirnar. Eyring forseti ræðir um eftirfarandi þrjú atriði. Íhugið að skrifa spurningarnar í dagbók ykkar og hugleiða þær hvern sunnudag þessa mánaðar. Þegar þið íhugið og hljótið

innblástur frá heilögum anda, getið þið líka skrifað um hann í dagbók ykkar.


- Hvað hef ég gert sem Guð hefur velpóknun á?
- Hvers þarf ég að iðrast eða hvað að hljóta fyrirgefningu fyrir?
- Hverjum óskar Guð að ég þjóni?

BÖRN

Hafa Jesú ávallt í huga

Jakob er að reyna að hafa frelsarann „ávallt í huga“ (K&S 20:77). Skoðið svefnherbergið hans. Hvað sjáið

þið sem getur hjálpað honum að hafa Jesú ávallt í huga?



Lærið efnið í bænarlögum og ræðið það við systurnar sem þið heimscekið, eins og við á. Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar. Frekari upplýsingar má finna á reliefsociety.lds.org.

Musterissáttmálar

„Hinar endurleysandi helgiathafnir sem við tökum á móti í must-
erinu, gera okkur mögulegt að snúa
síðar aftur til föður okkar á himnum
í eilífum fjölskylduböndum og hljóta
blessanir og kraft frá upphæðum sem
er alls erfiðis og allra fórna virði,“¹
sagði Thomas S. Monson forseti. Ef
þið hafið ekki enn farið í musteríð,
getið þið búið ykkur undir að taka
á móti helgiathöfnum musterisins
með því að:

- Trúa á himneskan föður,
Jesú Krist og heilagan anda.
- Rækta vitnisburð um friðþæg-
ingu Jesú Krists og hið endur-
reista fagnaðareriði.
- Styðja lifandi spámenn og
fylgja þeim.
- Gera ykkur hæf fyrir musteris-
meðmæli, með því að greiða
tíund, vera siðferðilega hrein,
heiðarleg, lifa eftir Vísdomsorð-
inu og í samræmi við kenningar
kirkjunnar.
- Gefa af tíma sínum, hæfileikum
og eigum til að byggja upp
ríki Drottins.
- Taka þátt í ættfræðistarfi.²



Monson forseti kenndi ennfremur:
„Þegar við virðum sáttmálana sem við
gerum í [musterinu], verðum við betur
í stakk búinn að takast á við alla erfið-
leika og sigrast á freistingum.“³

Úr ritningunum

Kenning og sáttmálar 14:7; 25:13;
109:22

HEIMILDIR

1. Thomas S. Monson, „The Holy Temple—
a Beacon to the World,“ *Liahóna*, maí
2011, 92.
2. Sjá *Daughters in My Kingdom: The History
and Work of Relief Society* (2011), 21.
3. Thomas S. Monson, *Liahóna*, maí 2011, 93.
4. *Daughters in My Kingdom*, 29–30.
5. Sarah Rich, í *Daughters in My Kingdom*, 30.



Trú, fjölskylda, líkn

Úr sögu okkar

„Yfir 5000 heilagir þyrptust
í Nauvoo musteríð eftir vígslu
þess. . . .

„Styrkur, kraftur og blessanir
musterissáttmála gáfu hinum
Síðari daga heilögum þrótt í
ferð þeirra [vestur], þegar þeir
[þjáðust af] kulda, hita, hungri,
allsleysi, veikindum, slysum og
dauða.“⁴

Sarah Rich starfaði sem
musterisþjónn, líkt og margar
aðrar Líknarfélagssystur gerðu.
Hún sagði frá reynslu sinni: „Ef
okkur hefði ekki hlotnast trú og
þekking í musterinu frá . . . anda
Drottins, hefði ferð okkar verið
líkt og að þreifa fyrir sér í myrkri.
. . . En við áttum trú á himneskan
föður, . . . okkur fannst við vera
útvalið fólk . . . og í staðinn fyrir
sorg fundum við til fagnaðar yfir
því að dagur björgunar hefði
komið.“⁵

Ferðin var ekki líkt og að
„þreifa fyrir sér í myrkri“ fyrir
hinar trúföstu Síðari daga heil-
ögu konur. Þeim eflast þróttur
af musterissáttmálum sínum.

Hvað get ég gert?

1. Tilbið ég reglubundið í
musterinu?
2. Hvet ég systur mínar til að taka
á móti blessunum musterisins?

LÆRA SAMAN RÁÐSTEFNURÆÐUR

Við breyttum aðferð okkar við að læra aðalráðstefnuræður og uppskárum miklar framfarir í trúarnámi okkar sem fjölskylda.

Greg Batty

Í mörg ár höfum við notið þess að lesa saman aðalráðstefnuræður sem fjölskylda, eina grein í senn. Við byrjuðum einfaldlega á því að koma saman við borðið og skiptast á við að lesa málsgreinar upphátt. En okkur fannst við lesa viðstöðulaust án þess að staldra við og íhuga boðskapinn.

Í þeirri viðleitni að fá meira út úr lestrinum, keyptum við hjónin eitt eintak af tímaritinu um aðalráðstefnuna fyrir hvern í fjölskyldunni og ákváðum hve margar ræður við hugðumst læra í viku hverri, svo við gætum lesið þær allar áður en kæmi að næstu aðalráðstefnu. Sumar vikur lásu við eina ræðu og aðrar tvær, en öll áttum við að læra ræðuna og strika undir það sem okkur fannst höfða til okkar. Á fjölskyldukvöldum kenndum við svo hvert öðru úr því efni sem við höfðum strikað undir.

Oft höfðu börn okkar spurningar sem auðvelduðu umræður eða við hjónin spurðum spurninga úr því efni sem við lærðum. Við máttum mikils að hlýða á unglíngana okkar útskýra og svara þessum spurningum, miðla því sem þau lærðu í trúarskólanum,

í kirkju eða í einkanámi. Þetta varð góð aðferð til að geta hlýtt óformlega og reglubundið á vitnisburð hvers annars, í afar afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Brátt sáu við að morgunnám okkar í ritningunum varð í þessum sama anda. Suma daga fórum við aðeins í gegnum fáeinar ritningargreinar, því tíminn leið fljótt í umræðu okkar um efni þeirra og hvernig við gátum hagnýtt okkur þær í lífi okkar.

Á morgnana eru nú stöðugar umræður, við hlæjum saman og upplifum sameiningaranda, áður en hvert okkar fer út til að sinna verkefnum dagsins. Við eigum sterkan vitnisburð um leiðsögn spámanns okkar, um að læra og biðja saman daglega. Fjölskylda okkar lærir nú af hvert öðru og styrkir hvert annað. Allt þetta hefur áunnist af þeirri þrá að vilja fá örlítið meira út úr aðalráðstefnu. ■

Greg Batty býr í Utah, Bandaríkjunum



LÆRA OG HAGNÝTA SÉR BOÐSKAP AÐALRÁÐSTEFNU

„Hafið í huga að boðskapurinn á þessari ráðstefnu, sem við höfum hlýtt á, verður gefinn út í maí tímaritum *Ensign* og *Liahóna*. Ég hvet ykkur til að læra boðskapinn og ígrunda kenningar hans, og síðan hagnýta þær í lífi ykkar.“

Thomas S. Monson forseti, „A Word at Closing,” *Liahóna*, maí 2010, 113.



MIKILVÆGI GÓÐRA VINA

Vinir hafa mikil áhrif á breytni okkar, einkum á æskuárunum. „Þeir munu hafa mikil áhrif á hvernig þið hugsuð og breytið og jafnvel ákvarða hvers konar manneskjur þið verðið.“¹ Og þegar þið veljið góða vini, „munu þeir verða ykkur mikill styrkur og blessun. . . . Þeir munu hjálpa ykkur að verða betri manneskjur og auðvelda ykkur að lifa í samhljómi við fagnaðarerindi Jesú Krists.“²

Á síðum 52–53 í þessu riti, kennir Elaine S. Dalton, aðalforseti Stúlknaflagsins, mikilvægi þess að velja góða vini og að vera góður vinir. „Að leita þess besta í fari annarra, er kjarni sannrar vináttu,“ sagði hún.

Að byggja vináttu á þessum reglum, hjálpar æskufólki að stuðla að varanlegum samböndum og félagshæfni, sem er meira en aðeins að verða „vinir“ í gegnum samskiptasiður Alnetsins. Sem foreldrar getið þið hjálpað börnum ykkar að skilja mikilvægi þess að vera góður vinur og að velja vini sem hvetja þau til að lifa eftir fagnaðarerindinu. Eftirfarandi tillögur geta verið gagnlegar.

Ábendingar um kennslu æskufólks

- Leitið í ritningunum sem fjölskylda að dæmum um góða

vináttu. Ræðið hvers kyns eiginleikar eru að baki slíkri góðri vináttu. Íhugið vináttu Davíðs og Jónatans (sjá 1 Sam 18–23), Rutar og Naomi (sjá Rut 1–2), og Alma og sona Mósía (sjá Mósía 27–28; Alma 17–20).³

- Lesið kaflann um vini í *Til styrktar æskunni*. Miðlið unglingum ykkar hvernig vinátta hefur haft áhrif á líf ykkar. Biðjið þau að miðla hvernig þau verða og hafa orðið fyrir áhrifum af vinum þeirra.
- Lesið grein systur Daltons í þessu riti. Ræðið markmiðið sem dóttir hennar, Emi, setti sér um að eignast góða vini. Hjálpið börnum ykkar að setja sér markmið um hvernig vini þau vilji eignast og hvernig vinir þau vilji vera.
- Íhugið að hafa fjölskyldukvöld þar sem þið miðlið hugmyndum um að mynda vináttu, svo sem: „Verið sjálf góðir vinir, svo þið eignist góða vini. Sýnið öðrum einlægán áhuga, brosið og látið þá finna að ykkur sé annt um þá. Sýnið öðrum góðvild og virðingu og forðist að dæma og gagnrýna þá sem umhverfis ykkur eru.“⁴



RITNINGARGREINAR UM VINÁTTU

Okv 17:17; 18:24

Préd 4:9–10

Matt 25:34–40

Lúk 22:32

Mósía 18:8–9

Ábendingar um kennslu barna

- Að hjálpa öðrum er hluti af því að vera vinur. Lesið „Standing Up for Caleb“ í mars 2009 útgáfu *Líahóna* og ræðið við börn ykkar um hvernig þau geti sýnt öllum vinsemd sem þau kynnst.
- Í öllum aðstæðum þurfum við að ákveða hvernig vinir við viljum vera. Syngið saman „Mig langar að líkjast Jesú“⁵ og ræðið síðan við börn ykkar um hvernig þau geti ákveðið að vera góðir vinir, líkt og frelsarinn, við hinar ýmsu aðstæður. ■

HEIMILDIR

1. *Til styrktar æskunni* (bæklingur, 2011), 16.
2. *Til styrktar æskunni*, 16.
3. Sjá Jeffrey R. Holland, „Real Friendship,“ *New Era*, júní 1998, 62–66.
4. *Til styrktar æskunni*, 16.
5. „Mig langar að líkjast Jesú,“ *Barnasöngbókin*, 40.

HEILAGUR ANDI HUGGAR, INNBLÆS OG VITNAR

Gjöf heilags anda er ein undursamlegasta blessunin sem við getum hlotið í þessu lífi, því heilagur andi huggar, innblæs, aðvarar, hreinsar og leiðbeinir okkur. Hann getur fyllt okkur „von og fullkominni elsku“ (Moró 8:26). Hann kennir um „sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:5). Við hljótum opinberun og andlegar gjafir frá Guði með heilögum anda. Mikilvægast er að við hljótum vitnisburð um himneskan föður og Jesú Krist með heilögum anda.

Áður en við skírumst, getum við endrum og eins skynjað heilagan anda. Aðeins eftir að við höfum hlotið gjöf heilags anda, eftir að við erum skírð, getum við notið stöðugs samfélags heilags anda, ef við erum

verðug. Gjöf þessi er veitt af Melkisedeksprest dæmishafa með handa-yfirlagningu (sjá Post 19:6; K&S 33:15). Þið getið endurnýjað skírna-sáttmála ykkar hvern sunnudag þar á eftir, er þið meðtakið sakramentið, og þannig meðtekið þá blessun Drottins að „andi hans sé ætíð“ með ykkur (K&S 20:77).

Heilagur andi, sem oft er nefndur andinn, er þriðji aðili Guðdómsins. Spámaðurinn Joseph Smith kenndi: „Faðirinn hefur líkama af holdi og beinum, jafn áþreifanlegan og mannlíkaminn er, sonurinn einnig, en heilagur andi hefur ekki líkama af holdi og beinum, heldur er hann andavera. Væri ekki svo, gæti heilagur andi ekki dvalið í okkur.“ (K&S 130:22).

Við verðum að vera verðug samfélags við anda Drottins, „vegna þess að andi Drottins dvelur ekki í vanheligum musturum“ (Helaman 4:24). Það gerum við meðal annars með því að sjá til þess að hugsanir okkar séu dyggðugar, að við séum ráðvönd og höldum boðorðin. ■

Til frekari upplýsinga, sjá 2 Ne 31:13, 17; 32:5; 3 Ne 27:20; Moró 10:5–8; JS—S 1:70.

VIÐ MEGUM EKKI LÍTA Á GJÖF ÞESSA SEM SJÁLFSAGÐA


„Líkt og á við um allar gjafir, þá verðum við að taka á móti henni til að njóta hennar. Þegar hendur prest dæmishafa voru lagðar á höfuð ykkar, til að staðfesta ykkur sem meðlim kirkjunnar, heyrðuð þið orðin: ‚Meðtak hinn heilaga anda.‘ Þetta þýðir ekki að heilagur andi verði skilyrðislaust stöðugur förunautur ykkar. Ritningarnar aðvara okkur um að andi Drottins muni ‚ekki ævinlega búa í mannum‘ (1 Mós 6:3). Þegar við erum staðföst, eru okkur veittur *réttur* til samfélags heilags anda, en það er réttur sem við verðum stöðugt að verðskulda með hlýðni og verðugleika.“

Öldungur Joseph B. Wirthlin (1917–2008) í Tölfróstunarsveitinni, „The Unspeakable Gift,” *Liahóna*, maí 2003, 28.



Eftir að við höfum tekið
á móti gjöf heilags anda,
getum við gert ýmislegt
til að fá notið áhrifa hans
í lífi okkar:

Biðjast fyrir.



Læra ritningarnar.



Meðtaka sakramentið verðug.



LIÓSWINDIÐ TEKNING EFTIR CHRISTINA SMITH,
EVE TUFT, CODY BELL OG MATTHEW REER



Tilbiðja í musterinu.



*Horfa á heilnæma fjölmiðla,
nota fágað málfar og hafa
dyggðugar hugsanir.*

Líf OG dauði

SKILNINGUR BRAUTRYÐJANDA Á UPPRISUNNI

Þegar fyrstu meðlimir kirkjunnar lögðu á sig ferðalag til vesturhluta Bandaríkjanna til að sameinast hinum heilögu, horfðust þeir í augu við dauðann, en styrktust af hinni nýju trú sinni á hið endurreista fagnaðarerindi. Eftirfarandi er útdráttur úr frásögnum brautryðjanda sem er lýsandi fyrir von hinn heilögu á upprisuna, ásamt hughreystandi kenningum fyrstu fimm forseta kirkjunnar.

Frásögn ónafngreinds Norðurlandabúa, Síðari daga heilagra föður, hvers sonur dó er hann ferðaðist frá New York til Utah árið 1866:

„Með hjálp vinar var lítil gröf tekin og hinar jarðnesku leifar settar í hana. Barnið hafði látist úr smitsjúkdómi og engir syrgjendur voru þar saman komnir, engin formleg athöfn var höfð, engar blómaskreytingar voru þar, enginn sálmasöngur og engin kveðjuorð sögð. En áður en hinn syrgjandi faðir fór frá gröfinni flutti hann stutta vígslubæn á móðurmáli sínu (dönsku) eins og hér segir: . . .

„Himneski faðir: Þú gafst mér þennan litla fjársjóð—þennan yndislega dreng, og nú hefur þú kallað hann heim. Vilt þú sjá til þess að jarðneskar leifar hans hvíli hér í friði

fram að morgni upprisunnar. Verði þinn vilji. Amen.“

Þegar hann stóð upp voru kveðjuorðin þessi: „Vertu sæll, kæri litli Hans—fallegi drengurinn minn.“ Síðan hélt hann staðfastlega til tjaldbúðar sinnar, lotinn og sorgmæddur í hjarta.“¹

Joseph Smith forseti (1805–44):

„Hve hughreystandi fyrir þá er syrgja, eftir viðskilnað eiginmanns, eiginkonu, föður, móður, barns eða náins ástvinar, að búa yfir þeirri vitneskju, að þótt jarðnesk tjaldbúð þeirra sé lögð í gröf til að leysast upp, munu þau rísa upp að nýju til dvalar í eilífri og ódauðlegri dýrð, án sorgar, þjáningar og dauða, og verða erfingjar Guðs og samarfar Jesú Krists.“²





Joseph Watson Young (1828–73), frændi Brigham Young, sem ferðaðist frá Englandi til Bandaríkjana árið 1853:


„Það var sorgleg stund að fela samferðamann sinn djúpri og þögullri gröfni á miðri nóttu, þar sem aðeins fáeinir voru viðstaddir. . . . Hann átti engan að um borð eða engan sem syrgði hann nema samþjón sinn. Á skammri stundu verða kærar vonir hins mannlega eðlis að engu. Þessi ungi maður hafði yfirgefið allt til að fara til Síonar og hjarta hans brann af eftirvæntingu um framtíðina, og ekki kom honum í huga að jarðneskar leifar hans yrðu fengnar soltnu öldurótinu. En hann lét ekki lífið líkt og þeir sem enga von hafa, því hann hafði friðmælst við Guð og átti fullvissu um dýrðlega upprisu að morgni hinna réttvísu.“³



Vinstri: Brigham Young forseti. Að ofan: Joseph Watson Young.

Brigham Young forseti (1801–77):

„Hve dimmur dalur og myrkur er við nefnum dauða! Hve undarlegt það er að hverfa frá þessari tilveru, hvað varðar hinn jarðneska líkama, í ástand tótleika! Hve dimmur sá dalur er! Hve dularfullur þessi vegur er og hann verðum við að fara einsömul. Ég óska að segja ykkur, vinir mínir og bræður, ef við fengjum séð raunveruleikann eins og hann er, og líkt og við munum sjá og skilja hann, væri þessi dimmi og myrkvi dalur svo smávægilegur, að við myndum horfa um öxl á hann og hugsa með okkur, þegar hann er að baki, hvernig hann hefur aukið á framfarir tilveru okkar, því við höfum horfið frá ástandi sorgar og sútar, hörmunga og harmkvæla, vesældar og vonbrigðar, yfir í ástand þar sem við fáum notið lífsins til hins ýtrasta, eins mögulega mikið og hægt er án líkamans.“⁴





Dan Jones (1811–62), velskur trúskiptingur, sem sigldi til Bandaríkjanna árið 1849, ásamt frú Williams og fleiri kirkjumeðlimum:

„Frú Williams, frá Ynysybont nærri Tregaron [Wales], hrakar hratt og ekki er líklegt að hún lifi lengi enn. . . . Hún sagði sinn mesta heiður í lífinu vera þann að hafa verið þess umkomin að verða meðlimur hinnar sönnu kirkju sonar Guðs, og að hún bæri engan ótta í brjósti yfir komandi lífi og að trú hennar væri henni styrkur, aldrei sem áður. . . . Hún hvatti syni sína af alvöru til að sýna hollustu allt til dauða, svo að þeir gætu með henni hlotið betri upprisu. . . . Hún var skýr alla nóttina og fimmán



Til hægri: John Taylor forseti. Að ofan: Dan Jones.

mínútur yfir fjögur um morguninn yfirgaf andi hennar líkamann af friðsæld og bros færðist yfir andlit hennar.“⁵

John Taylor forseti (1808–87):

„Hve hughreystandi fyrir þá sem finna til sorgar yfir að missa ástkæra vini, að vita að þeir mun hitta þá að nýju! Hve hughreystandi fyrir alla þá sem lifa samkvæmt opinberuðum reglum sannleikans, hugsanlega einkum fyrir þá sem hafa vandað líf sitt, sem borið hafa byrðar í hita dagsins, að vita að innan skamms munum við rjúfa helsti grafarinnar, og koma fram sem

lifandi og ódauðlegar sálir, og njóta samfélags við okkar góðu og tryggu vini, án áhrifa dauðans, til að ljúka því verki sem faðirinn hefur falið okkur að vinna!“⁶



Andrew Jenson (1850–1941), danskur innflytjandi, sem ferðaðist í vagnahópi Andrews H. Scott frá Nebraska, Bandaríkjunum, til Utah árið 1866:

„Þegar við urðum vitni að því að jarðneskar leifar þeirra [samferðamanna þeirra] voru grafnar í móður jörð, í óbyggðunum, grétum við öll, eða vildum gráta; því hugsunin um að grafa ástvini okkar á þennan hátt, þar sem vinir og ættmennirnir urðu að hverfa skjótt frá, án vonar um að geta vitjað hvíldarstaðarinnar aftur, var vissulega erfið og döpur. . . . En grafir þeirra finnast þegar Gabríel þeytir lúðurinn að morgni fyrstu upprisunnar. Þessir dánur hurfu þannig frá líkómum sínum á för sinni til Síonar. Drottinn kallaði þá heim áður en þeir náðu ákvörðunarstað sínum; þeim var ekki ætlað að sjá Síon í holdinu; en þeir munu

hljóta dýrð og eftirleiðis fagna; þeir dóu í þeirri viðleitni að hlýða Guði og halda boðorð hans og sælir eru þeir sem deyja í [Drottni].“⁷


Wilford Woodruff forseti (1807–98):

„Án fagnaðarerindis Krists er aðskilnaður dauðans ein drungalegasta hugsun allra; en um leið og við hljótum fagnaðarerindið og lærum um upprisuna, hverfur drunginn, sorgin og sársaukinn sem dauðinn veldur, að mestu. . . . Upprisa hinna dánur verður ljós hinum upplýsta huga mannsins, og andi hans getur reitt sig á örugga vitneskju.

Að því búa Síðari daga heilagir í dag. Við vitum fyrir okkur sjálf, við erum ekki í myrkrinu hvað þetta varðar; Guð hefur opinberað okkur það og við fáum skilið reglur upprisunnar hinna dánur, og að fagnaðarerindið gerir líf og ódauðleika að veruleika.“⁸



Vinstri: Wilford Woodruff forseti. Að ofan: Andrew Jenson.



Stafsetning og greinarmerki hafa sumstaðar verið færð í nútímahorf til að auðvelda lestur.

HEIMILDIR

1. Robert Aveson, „Leaves from the Journal of a

Boy Emigrant,“ *Deseret News*, 12. mars 1921, 4:7; fáanlegt á lds.org/churchhistory/library/pioneercompanysearch.

2. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 52.

3. Joseph W. Young, *Journal*, 6. mars 1853, Sögusafn kirkjunnar, Salt Lake City, Utah; fáanlegt á mormonmigration.lib.byu.edu.
4. *Teachings of Presidents of the Church: Brigham Young* (1997), 273.



William Driver (1837–1920), brautryðjandi sem ferðaðist frá Englandi til New York, Bandaríkjunum, árið 1866:

„Willie, mitt kæra barn, var afar veikur alla nóttina, þar til klukkan 7:30 að morgni, er hann var leystur undan þjáningum sínum. Guð blessi hans dýrmætu sál. Hve hann þjáðist. Hann dó þar sem vagn herra Poulters brotnaði á St. Ann’s Hill, Wandsworth, Surrey, Englandi. Ó, hve ég syrgi þennan mikla missi. Ó, Drottinn, hjálpa mér með mætti þínum að takast á við þessa byrði



**Til hægri:
Lorenzo Snow
forseti. Að ofan:
William Driver.**



og örva mig til þjóna þér af enn meiri göfgi og hollustu, og megi ég lifa til að búa mig undir að hitta hann í gleðilegri og betri heimi, ásamt systur hans, Elizabeth Maryann, og megi ég hitta þau við upprisu hinna réttvísu.“⁹

Lorenzo Snow forseti (1814–1901):

„Í næsta lífi munu líkamar okkar verða dýrðlegir og óháðir sjúkdómum og dauða. Ekkert er jafn fagurt og mann-
eskja í upprisnu og dýrðlegu ástandi.

Ekkert er jafn yndislegt og að vera í þessu ástandi og að hafa eiginkonu okkar og börn og vini meðal okkar.“¹⁰ ■

5. „Bréf frá kapteini D. Jones til ritstjóra *Udgorn Seion*,“ í Ronald D. Dennis, *The Call of Zion: The Story of the First Welsh Mormon Emigration*, bindi 2 (1987), 164–65; fánlegt á mormonmigration.lib.byu.edu.

6. *Teachings of Presidents of the Church:*

John Taylor (2001), 50–51.
7. Dagbók Andrew Jenson, 20. ágúst 1866, í *Journal History of The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints*, 8. okt. 1866, Sögusafn kirkjunnar, Salt Lake City, Utah, 6; fánlegt á lds.org/churchhistory/library/pioneercompanysearch.

8. *Teachings of Presidents of the Church: Wilford Woodruff* (2004), 82–83.

9. Frank Driver Reeve, *London to Salt Lake City in 1866: The Diary of William Driver* (1942), 42; fánlegt á mormonmigration.lib.byu.edu.

10. Lorenzo Snow, í Conference Report, okt. 1900, 63.



Öldungur
Russell M. Nelson
í Tölfpostulasveitinni

Hlutverk og þjónusta JESÚ KRISTS

*Besta staðfestingin á því að við tilbiðjum Jesú
er að taka hann okkur til fyrirmyndar.*

Sem einn af þeim sem eru „sérstök vitni nafns Krists um allan heim,“ (K&S 107:23), hef ég þá trú að ég þjóni honum best með því að kenna og vitna um hann. Fyrst gæti ég spurt sömu spurningar og hann lagði fyrir faríseana: „Hvað virðist yður um Krist? Hvers son er hann?“ (Matt 22:42).

Þessar spurningar koma oft upp í hugann þegar ég á samskipti við forustumenn stjórnvalda og ýmissa trúarsamtaka. Sumir viðurkenna að „Jesús hafi verið mikill kennari.“ Aðrir segja: „Hann var spámaður.“ Enn aðrir þekkja hann bara alls ekki. Þetta ætti ekki að vekja okkur mikla undrun. Hvað sem öllu líður, þá eru tiltölulega fáir sem hafa þann endurreista sannleika fagnaðarerindisins sem við höfum. Meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru aðeins brot af þeim sem segjast vera kristnir.

Aðstæður okkar voru fyrirséðar af Nefí fyrir mörgum öldum:

„Og svo bar við, að ég sá kirkju Guðslamsins, og meðlimir hennar voru fáir . . . Engu að síður sá ég, að kirkja lamsins, sem var hinir heilögu Guðs, var einnig um allt yfirborð jarðar. En ítök hennar á jörðunni voru lítil. . . .“

„Og svo bar við, að ég, Nefí, sá vald Guðslamsins. Það féll yfir hina heilögu í kirkju lamsins og yfir sáttmálsþjóð Drottins, sem dreifð var um allt yfirborð jarðar. Og þeir voru vopnaðir réttlæti og krafti Guðs í mikilli dýrð“ (1 Ne 14:12, 14).

Það réttlæti, sá kraftur og sú dýrð—já, allar okkar mörgu blessanir—á rætur í þekkingu okkar á Drottni Jesú Kristi, hlýðni okkar og þakklæti og elsku til hans.

Á tiltölulega stuttri viðdvöl sinni í jarðlífinu lauk frelsarinn tvíþættu yfirgripsmiklu viðfangsefni. Annars vegar var það „verk [hans] og dýrð. . .—að gjöra ódauðleika og



eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39). Hins vegar var það, eins og hann sagði sjálfur: „Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður“ (Jóh 13:15).

Fyrri viðfangsefnið hans þekkjum við sem friðþæginguna. Hún var hið undursamlega hlutverk hans í jarðlífinu. Hinn upprisni Drottinn lýsti yfir hlutverki sínu frammi fyrir íbúum hinnar fornu Ameríku:

„Ég kom í heiminn til að gjöra vilja föður míns, vegna þess að faðir minn sendi mig.

„Og faðir minn sendi mig, til þess að mér yrði lyft upp á krossinum. Til þess að ég gæti dregið alla menn til mín, eftir að mér hefði verið lyft upp á krossinum“ (3 Ne 27:13–14).

Hann hélt áfram að mæla til þeirra og opinberaði síðara viðfangsefni sitt—að vera okkur fyrirmynd: „Þér vitið, hvað yður ber að gjöra . . . Því að það, sem þér hafið séð mig gjöra, skuluð þér og gjöra“ (3 Ne 27:21).

Fyrri viðfangsefni hans hef ég skilgreint sem *hlutverk hans*. Síðara viðfangsefni hans hef ég skilgreint sem *þjónustu hans*. Við skulum skoða hið tvíþætta viðfangsefni hans—hlutverk hans og þjónustu hans.

Hlutverk Jesú Krists—friðþægingin

Hlutverk hans var friðþægingin. Hann einn hafði það hlutverk. Fæddur af jarðneskri móður og ódauðlegum föður, var hann sá eini sem gat af fúsum vilja lagt líf sitt í sölnurnar og tekið það aftur (sjá Jóh 10:14–18). Hinn dýrðlegi ávöxtur friðþægingar hans er óendanlegur og eilífur. Hann gerði að engu brodd dauðans, svo sorg grafarinnar varð tímabundin (sjá 1 Kor 15:54–55). Ábyrgð hans á friðþægingunni var kunn jafnvel fyrir sköpunina og fallið. Hún gerði ekki aðeins


upprisnu og ódauðleika að veruleika fyrir alla menn, heldur gerði hún okkur líka kleift að hljóða fyrirgefningu synda okkar—bundið skilyrðum hans. Þannig opnaði friðþægingin okkur leið til að sameinast honum og fjölskyldu okkar eilíflega. Í henni felst hið eilífa líf—sú gjöf er mest allra gjafa Guðs til mannsins (sjá K&S 14:7).

Enginn annar gat virkjað friðþæginguna. Enginn annar einstaklingur, jafnvel sá sem býr að mestum auði og valdi, fengi ekki frelsað eina sálu—jafnvel ekki sína eigin (sjá Matt 19:24–26). Og af engum öðrum einstaklingi verður krafist eða honum leyft að úthella blóði í þágu hjálpræðis annarrar manneskju. Jesús gerði það „í eitt skipti fyrir öll“ (Hebr 10:10).

Þótt friðþægingin hafi verið uppfyllt á tíma Nýja testamentisins, greina atburðir Gamla testamentisins oft frá mikilvægi hennar. Adam og Evu var boðið að færa fórn „í líkingu fórnar hins eingetna föðursins“ (HDP Móse 5:7). Hvernig? Með úthellingu blóðs. Af eigin reynslu staðfestu þau ritninguna um að „líf líkamans er í blóðinu“ (3 Mós 17:11).

Læknum er kunnugt að ætíð þegar blóðið hættir að flæða til líffæra eru vandræði í nánd. Ef blóðflæði hættir til fót, kemur drep í fótinn. Ef blóðflæði hættir til heilans, getur það orsakað heilabóðfall. Ef blóðflæði er ekki eðlilegt í kransæðum, getur það orsakað hjartaslag og blæðingar verða óstjórnlegar, veldur það dauða.

Adam, Eva, og kynslóðirnar eftir þau, komust að því að alltaf þegar dýrablóði var úthellt, lauk lífi dýrsins. Fórnarsíðir þeirra krafðist ekki aðeins *einvers* dýrs. Það átti að vera frumburður hjarðarinnar og gallalaust (sjá til dæmis 2 Mós 12:5). Þessi nauðsynlega



KONA, ÞAR ER SONUR BINN (STABAT MATER), EFTIR JAMES TISSOT © BROOKLYN MUSEUM, BROOKLYN, NEW YORK; INNEIÐ: HLUTI AF (GETSEMANEGARDNUM), EFTIR CARL HEINRICH BLOCH.

Frelsarinn hóf ekki úthellingu blóðs síns í þágu alls mannkyns á krossinum, þar sem angist friðþægingarinnar lauk, heldur í Getsemanegarðinum.



gjörð var líka táknræn um hina endanlegu fórn hins flekk-
lauslaus lamb Guðs.

Adam og Evu var gefið boðorð: „Þess vegna skalt þú
gjöra allt, sem þú gjörir, í nafni sonarins, og þú skalt iðrast
og ákalla Guð í nafni sonarins að eilífu“ (HDP Móse 5:8).
Frá þeim tíma til hádegisbaugs tímans, var dýrafórnum
viðhaldið sem líking hinnar endanlegu friðþægingar
sonar Guðs.

Pegar friðþægingin hafði verið framkvæmd, uppfyllti
þessi mikla og síðasta fórn lögmál Móse (sjá Alma 34:13–
14) og batt enda á iðkun dýrafórna, sem hafði kennt að
„líf líkamans er í blóðinu“ (3 Móse 17:11). Jesús útskýrði
hvernig þáttur hinnar fornu fórnar tengdist friðþægingunni,
sem á táknrænan hátt er minnst með sakramentinu. Beinið
athyglinni aftur að lífinu, líkamanum og blóðinu:

„Þá sagði Jesús við þá: Sannlega, sannlega segi ég yður:
Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð hans,
hafið þér ekki lífið í yður.

Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, hefur eilíft
líf, og ég reisi hann upp á efsta degi“ (Jóh 6:53–54).

Sökum friðþægingar Jesú Krists, mun allt mannkyn—já,
jafn margir og það vilja—hljóta endurlausn. Frelsarinn hóf
ekki úthellingu blóðs síns í þágu alls mannkyns á kross-
inum, heldur í Getsemanegarðinum. Þar tók hann á sig
þunga syndabyrðarinnar fyrir alla sem lifa munu. Undir þeirri
þungu byrði blæddi honum úr hverri svitaholu (sjá K&S
19:18). Angist friðþægingarinnar lauk á krossinum á Golgata.

Spámaðurinn Joseph Smith gerði samantekt á mikil-
vægi friðþægingarinnar. „Grundvallarreglur trúar okkar eru
vitnisburður postulanna og spámannanna um Jesú Krist, að
hann dó, var grafinn, og reis upp á þriðja degi og sté upp
til himins; og allt annað í trúarbrögðum okkar er aðeins
viðauki við það.“¹

Með þessu valdi og af innilegu þakklæti, kenni ég svo
og ber vitni um hann.

Þjónusta Jesú Krists—fyrirmyndin

Annað yfirgripsmikið viðfangsefni Drottins í jarðlífinu var
að þjóna sem fyrirmynd fyrir okkur. Jarðnesk þjónusta hans

er staðfesting á fyrirmynd hans. Hún felur í sér kenningar hans, dæmisögur og prédikanir. Hún felur í sér kraftaverk hans, kærleika og langlundargeð gagnvart mannanna börnum (sjá 1 Ne 19:9). Hún felur í sér samúðarfulla notkun prestdæmisvalds. Hún felur í sér réttláta reiði hans þegar hann fordæmir syndina (sjá Róm 8:3) og þegar hann hratt um borðum víxlaranna (sjá Matt 21:12). Hún felur líka í sér hugarangur hans. Hann var hæddur, hýddur og honum hafnað af eigin fólki (sjá Mósía 15:5)—jafnvel svikinn af einum lærisveini sínum og afneitað af öðrum (sjá Jóh 18:2–3, 25–27).

Svo dásamleg sem þjónustuverk hans voru, þá voru þau og eru ekki bundin við hann einan. Fjöldi þeirra sem gæti fylgt fordæmi Jesú á sér engin takmörk. Álíka verk hafa verið framkvæmd af spámönnum hans og postulum og fleirum meðal réttmætra þjóna hans. Margir hafa þolað ofsóknir fyrir hans sakir (sjá Matt 5:10; 3 Ne 12:10). Við þekkjum bræður og systur á okkar tíma sem hafa einlæglega reynt að fylgja fordæmi Drottins—og jafnvel goldið fyrir það hræðilega.

Það er eins og það á að vera. Það er von hans fyrir okkur. Drottinn bauð okkur að fylgja fordæmi sínu. Ákall hans er algjörlega skýrt:

- „Hvers konar menn ættuð þér því að vera? . . . Alveg eins og ég er“ (3 Ne 27:27; sjá einnig 3 Ne 12:48).
- „Komið og fylgið mér, og mun ég láta yður menn veiða“ (Matt 4:19).
- „Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður“ (Jóh 13:15) sjá einnig Jóh 14:6).

Þessar og álíka ritningargreinar voru ekki ritaðar sem tillögur. Þær eru guðleg boðorð! Okkur ber að fylgja fordæmi hans!

Til að auka þrá okkar til að fylgja honum, ættum við kannski að íhuga fimm þætti í lífi hans sem við getum haft að fyrirmynd.

Kærleikur

Ef ég spyrði hvaða persónueinkenni í lífi hans þið mynduð tilgreina fyrst, held ég að þið mynduð nefna kærleika hans. Það fæli í sér samúð hans, góðvild, elsku, tryggð, fyrirgefningu, miskunnsemi, réttvísi og fleira. Jesús elskaði föður sinn og móður (sjá Jóh 19:25–27). Hann elskaði fjölskyldu sína og hina heilögu (sjá Jóh 13:1; 2 Þess 2:16). Hann elskaði syndarann án þess að réttlæta syndina (sjá Matt 9:2; K&S 24:2). Og hann kenndi okkur hvernig við getum sýnt kærleika okkar til hans. Hann sagði: „Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín“ (Jóh 14:15). Síðan, til að undirstrika að kærleikur hans væri ekki *skilyrðislaus*, bætti hann við: „Ef þér haldið boðorð mín, verðið þér stöðugir í elsku minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans“ (Jóh 15:10; sjá einnig K&S 95:12; 124:87).

Önnur kærleikstjáning frelsarans fólst í þjónustu hans. Hann þjónaði föður sínum og fólkinu sem hann bjó og starfaði með. Okkur ber að fylgja fordæmi hans á báða vegu. Okkur ber að þjóna Guði, „[ganga] ávallt á hans vegum, og að [elska] hann“ (5 Mós 10:12; sjá einnig 11:13; Jósúa 22:5; K&S 20:31; 59:5). Og okkur ber að elska náunga okkar með því að þjóna þeim (sjá Gal 5:13; Mósía 4:15–16). Við byrjum á fjölskyldum okkar. Hin innilega elska foreldra til barna sinna styrkist með þjónustu við þau á því tímaskeiði sem þau eru algjörlega háð



Það sem einkenni kennslu hans umfram alla aðra kennara, var að hann kenndi sannleika af eilífu gildi. Aðeins hann hefði getað op-inberað tilgang okkar með lífinu.

FJALLAÐAN, EFTIR JAMES TISSOT; INNFEIÐ; HLUTI AF KRISTUR OG UNGI AUBUGI HÖFINGINN, EFTIR HEINRICH HOFMANN; BIRT MED LEYFI C. HARRISON CONROY CO.





þeim. Síðar í lífinu getur skylduræknum börnum gefist kostur á að endurgjalda þá elsku með því að þjóna öldruðum foreldrum sínum.

Helgiathafnir

Annar þáttur fyrirmyndar frelsarans var áhersla hans á helgiathafnir. Í jarðneskri þjónustu sinni sýndi hann mikilvægi helgiathafna hjálpræðis. Hann var skírður af Jóhannesi í ánni Jórdan. Jafnvel Jóhannes spurði: „Hvers vegna?“

Jesús útskýrði: „Þannig ber *okkur* að fullnægja öllu réttlæti“ (Matt 3:15; skáletrað hér). Helgiathöfnin var ekki aðeins nauðsynleg, heldur var fordæmið sem Jesús og Jóhannes settu líka nauðsynlegt.

Síðar innleiddi Drottinn helgiathöfn sakramentis. Hann útskýrði ták sakramentisins og veitti lærisveinum sínum hin helgu ták (sjá Matt 26:26–28; Mark 14:22–24; Lúk 24:30).

Faðir okkar á himnum veitti líka leiðsögn varðandi helgiathafnir. Hann sagði: „Þér [verðið] að endurfæðast inn í himnaríki af vatni og af anda og verða hreinsaðir með blóði, já, blóði míns eingetna, svo að þér megið helgast af allri synd og njóta orða eilífs lífs í þessum heimi og eilífs lífs í komanda heimi, já, ódauðlegrar dýrðar“ (HDP Móse 6:59).

Í þjónustu frelsarans eftir jarðneska þjónustu hans voru æðri helgiathafnir upphafningar opinberaðar (K&S 124:40–42). Hann hefur gert þessar helgiathafnir mögulegar í sínum helgu musterum. Á okkar tíma geta þeir sem eru undir það búnir, meðtekið laugun, smurningu og musterisgjöf (sjá K&S 105:12, 18, 33; 110:9; 124:39). Í musterinu getur einstaklingur innsiglast eiginmanni og eiginkonu, og áum sínum og afkomendum (sjá K&S 132:19). Meistari okkar er Guð lögmála og reglu (sjá K&S 132:18). Áhersla hans á helgiathafnir er áhrifamikill þáttur í fordæmi hans fyrir okkur.

Bæn

Þriðji þátturinn sem tengist fyrirmynd Drottins er bænin. Jesús bað til föður síns á himnum og kenndi okkur líka að biðja. Okkur ber að biðja til Guðs, eilífs föður, í nafni sonar hans, Jesú Krists, fyrir kraft heilags anda (sjá Matt 6:9–13; 3 Ne 13:9–13; Þýðing Josephs Smith, Matt 6:9–15). Ég ann

hinni dásamlegu fyrirbæn sem Drottinn flutti og skráð er í 17. kapítula Jóhannesar. Í henni ræðir sonurinn að vild við föður sinn í þágu lærisveina sinna, sem hann elskar. Hún er fyrirmynd að áhrifarikri og samúðarfullri bæn.

Þekking

Fjórði þátturinn sem tengist fyrirmynd Drottins er hvernig hann notaði guðlega þekkingu sína. Líkt og áður var getið um, þá viðurkenna margir sem ekki eru kristnir að Jesús hafi verið stórkostlegur kennari. Það var hann vissulega. En hvað gerði kennslu hans sannlega einstæða? Var hann hæfileikaríkur fræðimaður í verkfræði, stærðfræði eða vísindum? Sem skapari þessa heims og annarra (sjá HDP Móse 1:33), hefði hann vissulega getað verið það. Hann hefði líka sem höfundur ritninganna getað kennt bókmenntir afbragðs vel.

Það sem einkenndi kennslu hans umfram alla aðra kennara, var að hann kenndi mikilvægan *eilífan* sannleika. Aðeins hann hefði getað opinberað tilgang okkar með lífinu. Aðeins fyrir hans tilstilli gátum við lært um *fortilveru* okkar og mögulega *tilveru eftir þetta líf*.

Eitt sinn kenndi hinn mikli kennari, sínum efablöndnu hlustendum að þrennt væri til vitnis um hann:

- Jóhannes skírari.
- Verkin sem Jesús hafði unnið.
- Orð Guðs, hins eilífa föður (sjá Jóh 5:33–37).

Hann benti síðan á fjórða vitnið: „Rannsakið ritningarnar, því í þeim hyggist þér eiga eilíft líf. og það eru þær, sem vitna um mig“ (Jóh 5:39).

Orðið *hyggist* í þessu orðtaki virðist ekki eiga hér við. En það er nauðsynlegt í þeirri merkingu sem Jesús reyndi að koma til skila. Honum var ljóst að margir hlustenda hans *hyggðust* finna eilíft líf í ritningunum. En þeir höfðu rangt fyrir sér. Ritningarnar einar og sér *megna ekki* að veita eilíft líf. Auðvitað býr áhrifamáttur í ritningunum, en sá áhrifamáttur kemur frá Jesú sjálfum. Hann *er* orðið: *Hin guðlega viska*. Máttur eilífs lífs býr í honum, sem „í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð“ (Jóh 1:1; sjá einnig 2 Ne 31:20; 32:3). Síðan hirti Jesús sína

efablöndnu, sökum þrjúsku þeirra. „En þér viljið ekki koma til mín og öðlast [eilíft líf]“ (Jóh 5:40).

Meistarinn gæti kaffært okkur með undursamlegri þekkingu sinni, en það gerir hann ekki. Hann heiðrar sjálffræði okkar. Hann gerir okkur kleift að njóta þeirrar gleði að uppgötva. Hann hvetur okkur til að iðrast af eigin mistökum. Hann leyfir okkur að upplifa frelsið sem felst í því að hlýða fúslega hans guðlega lögmáli. Já, það er okkur undursamlegt fordæmi hvernig hann notar þekkingu sína.

Þrautseigja

Fimmti þátturinn sem tengist þjónustu Drottins er þrautseigja hans til að standast allt til enda. Aldrei dró hann sig í hlé frá verkefni sínu. Hann lagði aldrei niður laupana, þótt hann hefði upplifað þjáningar utan okkar skilnings. Hann lauk verki sínu af þrautseigju, þrátt fyrir miklar og stöðugar raunir: að friðþægja fyrir syndir alls mannkyns. Lokaorð hans, þar sem hann hékk á krossinum, voru: „Það er fullkomnað“ (Jóh 19:30).


Hagnýting í lífi okkar

Þessa fimm þætti, sem tengjast þjónustu hans, getum við hagnýtt í lífi okkar. Vissulega er besta staðfestingin á því að við tilbiðjum Jesú að við tökum hann okkur til fyrirmyndar.

Þegar okkur verður ljóst hver Jesús er og hvað hann hefur gert fyrir okkur, fáum við að einhverju leyti skilið það sem felst í fyrsta og æðsta boðorðinu: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum“ (Mark 12:30). Með öðrum orðum, allt sem við gerum og segjum ætti að grundvallast á elsku okkar til hans og föður hans.

Spyrjum okkur sjálf: „Elska ég einhvern meira en Drottin?“ Berið síðan svar ykkar saman við þessa staðla sem Drottinn setti:

- „Sá sem ann föður eða móður meir en mér, er mín ekki verður.“
- „Sá sem ann syni eða dóttur meir en mér, er mín ekki verður“ (Matt 10:37).



Jarðnesk þjón-
usta Drottins
er staðfesting
á fyrirmynd
hans. Hún felur
í sér kenningar
hans, dæmi-
sögur og prédik-
anir. Hún felur
í sér samúðar-
fulla notkun
prestdæmisvalds.

Kærleikur til fjölskyldu og vina, hversu ríkulegur sem hann er, verður mun innilegri þegar hann er grundvallaður á kærleika til Jesú Krists. Sökum hans verðu kærleikur foreldra til barna þýðingarmeiri nú og eftir þetta líf. Öll kærleikssambönd verða háleitari í honum. Kærleikur föður okkar á himnum og Jesú Krists glæðir ljós, veitir innblástur og ástæðu til að elska aðra á háleitari hátt.

Helgiathafnir veita einbeintu til þjónustu af eilífu gildi. Foreldrar ættu að íhuga hvaða helgiathöfn hvert barn þeirra hefur þörf á næst. Heimiliskennarar ættu að íhuga hvaða viðeigandi helgiathöfn væri þörf á næst í hverri fjölskyldu sem þeir þjóna.

Fordæmi frelsarans hvað varðar *bænina* minnir okkur á að einkabænir, fjölskyldubænir og bænþrungid verkefnaferli í kirkju, ættu að vera hluti af lífi okkar. Að þekkja og gera vilja föðurins, veitir mikinn andlegan styrk og tiltrú (sjá K&S 121:45). Við viljum halda okkur Drottins megin.

Þekking „[á hlutum] eins og þeir í raun eru og eins og þeir í raun munu verða“ (Jakob 4:13) gerir okkur kleift að breyta að sönnum reglum og kenningum. Slík þekking mun breyta hegðun okkar til batnaðar. Breytni sem væri knúin af löngunum og tilfinningum, mun breytast og grundvallast á dyggðum byggðum á skynsemi og því sem rétt er.

Þrautseigja *allt til enda* merkir að við munum ekki biðja um aflausn frá köllun til þjónustu. Hún merkir að við munum þrauka í viðleitni okkar að verðugu markmiði. Hún merkir að við munum aldrei gefast upp á ástvini sem villst hefur frá. Og hún merkir að við munum ávallt varðveita okkar eilífu fjölskyldusambönd, jafnvel í gegnum erfiðan tíma sjúkdóma, fötlunar eða dauða.

Af öllu hjarta bið ég þess að umbreytandi áhrif Drottins megi gera mikinn gæfumun í ykkar lífi. Hlutverk hans og þjónusta megna að blessa sérhvert okkar nú og ævarandi. ■

Úr trúarræðu sem flutt var í Brigham Young háskóla, 18. ágúst 1998. Til að lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.

HEIMILDIR

1. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 49.

Páskavikan

Frelsari okkar Jesús Kristur uppfyllti friðþæginguna—sem fól í sér þjáningar hans í Getsemanegarðinum, krossfestingu hans á Golgata og upprisu hans úr gröfnni—í síðustu viku lífs hans.

Á stórþingi himins, áður en jörðin var sköpuð, kynnti himneskur faðir áætlun sína fyrir okkur, börnum hans. Við hrópuðum af gleði þegar himneskur faðir ákvað að velja Jesú Krist til að framfylgja áætlun hjálpræðis (sjá Job 38:7 og Abraham 3:27). Jesús fæddist af Maríu frá Betlehem og lifði syndlausu lífi. Sökum friðþægingar hans getum við snúið að nýju til dvalar hjá himneskum föður og hlotið eilíft líf. Jesús Kristur mun koma að nýju í mætti og dýrð, til að dvelja á jörðunni í Þúsundaráríkinu og hann mun dæma alla menn á efsta degi.

Eftirfarandi eru ljósmyndir af stuttmyndum úr Biblíunni, sem eru lýsandi fyrir síðustu vikuna í lífi frelsarans. Íhugið að lesa ritningargreinarnar sem skráðar eru fyrir hverja mynd. Kynnið ykkur guðspjöllin fjögur í Bible Dictionary eða Leiðarvísi að ritningunum, til að vita tímaröð atburðanna. Biblíu-stuttmyndirnar eru fáanlegar á biblevideos.lds.org.

LJÓSMYNDIR © IRI



Á fimmta deginum fyrir páskana, kom Jesús ríðandi á ösnu í Jerúsalem, líkt og spáð hafði verið.

Fólkið tók á móti honum sem konungi sínum og hrópaði „hósianna“ og lagði klæði sín og pálma-greinar framan við fætur ösunnar. (Sjá Matt 21:1–11; Mark 11:1–11; Sakaría 9:9.)



Í annað sinn í jarðneskri þjónustu sinni hreinsaði Jesús forgarð musterisins. „Hús mitt á að vera bænahús, en þér gjörði það að ræningjabæli,“ sagði hann við víxlarana (Matt 21:13). Margir hinna blindu og lömuðu komu síðan til hans í musterið og hann læknaði þá. En þegar æðstu prestarnir og fræðimennirnir sáu kraftaverkin hans, urðu þeir reiðir og ráðgerðu að koma honum fyrir kattarnef. (Sjá Matt 21:12–17; Mark 11:15–19.)

Jesús Kristur, hinn eingetni sonur föðurins, laut svo lágt að koma til jarðarinnar til að frelsa alla menn frá fallinu. (Sjá 1 Ne 11:16–22, 26–33; Alma 7:10–13.)




Í vikunni flutti frelsarinn sumar sinna minnstæðustu prédikanir, ásamt kennslu hans um eyrir ekkjunnar. (Sjá Mark 12:41–44; Lúk 21:1–4.)

Í Getsemanegarðinum kraup frelsarinn og baðst fyrir og angistin sem hann upplifði vegna synda heimsins olli því að hann „skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svítholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda“ (K&S 19:18). Brátt kom Júdas Ískariot og fjöldi vopnaðra manna til að taka Jesú höndum og allir lærisveinar hans yfirlögðu Drottin og flýðu. (Sjá Matt 26:36–56; Mark 14:32–50; Lúk 22:39–53.)



Við síðustu kvöldmáltíðina lofaði Jesús postulum sínum að þeir myndu hljóta huggarann eða heilagan anda, þegar hann færi burtu. Hann kenndi þeim að minnst sín með því að meðtaka sakramentið. Í kvöldsins lok flutti Jesú fyrirbæn sína, og bað þess að eining mætti ríkja meðal lærisveinar hans. (Sjá Matt 26:17–30; Mark 14:12–26; Lúk 22:14–32; Jóh 13–17.)





Eftir ólögðmæt réttarhöld og grimmilega hýðingu, leyfði Jesús Kristur að hann yrði krossfestur, og lauk þannig „hinni miklu og síðustu fórn,“ sem gerði hjálpræði mögulegt fyrir öll börn Guðs (sjá Alma 34:14–15). Áður en nóttin skall á tóku fylgjendur Jesú líkama hans niður af krossinum, sveipuðu hann línklæði og lögðu hann í gröf. (Sjá Matt 27; Lúk 23; Mark 15; Jóh 19.)



Sunnudagur rann upp og María Magdalena og aðrar trúfastar konur fóru að gröfinni til að smyrja líkama Jesú. Þær sáu að grafarsteinninn var ekki fyrir munnanum og tveir englar lýstu yfir gleðitiðindum: „Hann er ekki hér. Hann er upp risinn“ (Matt 28:6). Hinn uppreisni frelsari hafði sigrað líkamlegan dauða og gert hverju okkar mögulegt að lifa að nýju: „Því að eins og allir deyja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir lifgaðir verða fyrir samfélag sitt við Krist“ (1 Kor 15:22). (Sjá Matt 28; Mark 16; Lúk 24; Jóh 20). ■

Hjálpa börnum

Jessica Larsen og Marissa Widdison

Kirkjutímaritin

Bernskan er tími gleði og nýjunga. Að hjóla í fyrsta sinn, fara í skóla eða smakka á nýjum rétti, eru fáein dæmi um ævintýraljóma bernskuáranna. Hinum fullorðnu gefst kostur á að hjálpa börnunum á vegi uppgötvana. Hinum fullorðnu í kirkjunni gefst líka kostur á að hjálpa þeim að vaxa í fagnaðar-erindinu (sjá K&S 68:25). Hvað getum við gert til að tryggja að skírn barns—fyrsti sáttmálinn sem einstaklingur gerir við sinn ástkæra föður á himnum—sé falleg og minnisstæð athöfn?

„Megin tilgangur kirkjunnar er að kenna æskufólkinu: Fyrst á heimilinu og síðan í kirkjunni,“ kenndi Boyd K. Packer forseti.¹

Í eftirfarandi dæmum miðla foreldrar hvernig þeir hafa búið börn sín undir hinar helgu helgiathafnir og sáttmála skírnar og staðfestingar.

Við byrjum snemma

„Þegar börnin verða sjö ára er haldið upp á það,“ sagði Lori, fjögurra barna móðir. Hún og eiginmaður hennar kenna börnum sínum um skírnina allt frá fæðingu þeirra. En þegar börnin urðu sjö ára, lögðu þau enn frekari áherslu á slíkan undirbúning. Þau höfðu lexíur á fjölskyldukvöldum og nálguðust efnið um skírn mismunandi hvern mánuð, ræddu til að mynda um sáttmála og fordæmi Jesú.

Lori sagði að lexíur mánaðarins þegar börnin urðu fullra átta ára hefðu verið einkar ljúfar. Hún sýndi börnunum fatnaðinn sem þau íklæddust þegar þeim var gefið nafn og þau blessuð og ræddi um daginn sem sú helgiathöfn var framkvæmd á.

„Þetta er fullkominn tími til að leggja áherslu á blessanir sáttmála musterisins,“ sagði Lori. „Við bendum alltaf á í kennslu okkar að ákvörðunin um að láta

AÐ BÚA SIG UNDIR SKÍRN



skírast sé fyrsta skrefið í því að búa sig undir blessanir musterisins.“

Við gerum þetta að málefni fjölskyldunnar

Monica, fjögurra barna móðir, mælir með því að eldri börnin séu höfð með í því að hjálpa þeim yngri að búa sig undir skírn, ef mögulegt er. „Að hlusta á bróður eða systir á unglingsaldri miðla eigin reynslu er í raun áhrifaríkt,“ sagði hún. Lori bætti við að stundum bæðu þau börnin



sem búa sig undir skírn að kenna yngri systkinum sínum það sem þeim hefur lærst.

Við notum það sem trúboðsverkfæri

Þegar dóttir Daníels varð átta ára, varð honum ljóst að hún vildi deilda skírnardegi sínum með vinum sínum utan kirkjunnar. Fjölskyldan ákvað því að bjóða vinum Allison í skólanum og hverfinu í skírnina. Þessir vinir hennar voru beðnir að hafa eftirlætis ritningargrein sína úr Biblíunni með

sér í skírnina. Eftir skírnina strikaði Allison undir ritningargreinarnar í nýju ritningunum sínum og skrifaði nöfn vina sinn við hlið þeirra.

„Auðvitað vorum við, sem fjölskylda hennar, með í öllu þennan dag. En við leyfðum henni líka að vera með vinum sínum um stund eftir á og ræða við þá um tilfinningar hennar,“ sagði Daníel. „Það var afar ljúf stund að sjá barnið sitt sýna gott fordæmi.“

Við æfum viðtalið við biskupinn

Kimberly, sem á börn sem nálgast skírnaraldurinn, minnst þess þegar hún gekk inn í skrifstofu biskupsins fyrir skírnarviðtalið þegar hún var átta ára. „Ég var svo kvíðin!“ Sagði Kimberly.

Nú reynir hún að tryggja að börn hennar verði ekki skelfd. Hún og eiginmaður hennar ræða við börnin um viðtalið við biskupinn og leggja fyrir þau spurningar í álíka viðtalsumhverfi. Þessi viðtöl gera meira en að gera börnin kunnug framvindu viðtalsins—þau hvetja þau líka til að hugsa alvarlega um hvaða merkingu skírnersáttmálinn hefur í huga þeirra.

Við höfum dásamlegt tækifæri

Foreldrar þessir eru fljótir að benda á að þeir hafi ekki gert neitt óhóflega mikið í því að búa börn sín undir skírn og staðfestingu, en mörg þeirra nota orð líkt og „stöðugt“ og „jöfnum höndum“ er þau lýsa kennslu sinni í árána rás. „Við gengum úr skugga um að börnin okkar skildu að þetta væri mikilvægt skref í lífi þeirra og alvarlegt mál,“ sagði Kimberly. „Við gengum ávallt úr skugga um að við værum þau sem sæjum um undirbúning þeirra og stóluðum ekki bara á fræðslu kennara Barnafélagsins.“

Hve dásamlegt tækifæri sem við fáum til að hjálpa börnum okkar sem við elskum, að búa sig undir skírn og staðfestingu! Þegar við gerum það með bæn í huga, mun Drottinn vera með okkur í því að þróa þessa fyrstu sáttmálsreynslu í öruggan grundvöll til framtíðarvaxtar. ■

Á næstu tveimur síðum eru spurningar sem börnin geta haft um skírn og staðfestingu.

HEIMILDIR

1. Boyd K. Packer, „Teach the Children,“ *Liahóna*, maí 2000, 16.

Öðlast skilning á skírinni

Marissa Widdison
Kirkjutímaritin



Hver mun skíra mig?

Sá sem skírir þig þarf að hafa prestdæmið— valdumboð til að framkvæma í nafni Guðs. Þegar Jesús vildi skírast fór hann til Jóhannesar, sem hafði prestdæmið (sjá Matt 3:13).

Sá einstaklingur sem skírir þig fær heimild til þess hjá biskupi þínum eða greinarforseta.



Verð ég að fara á kaf í vatnið til að láta skírast?

Jesús var skírður með niðurdýfingu, sem fólst í því að hann fór allur á kaf í vatnið og kom samstundis upp úr því aftur (sjá Matt 3:16). Þannig þarft þú að láta skírast. Þessi skírnaðferð minnir okkur á við yfirgefum fyrra lífarni og hefjum nýtt líf, helgað þjónustu við Guð og börn hans.



Hvaða loforð gef ég við skírni mína?

Þegar þú skírist gerir þú sáttmála, eða strengir tvíhliða heit, við himneskan föður. Þú lofar honum að þú munir gera ákveðna hluti og hann lofar að blessa þig. Þessum sáttmála er lýst í sakramentisbæunum, sem fluttar eru hvern sunnudag (sjá K&S 20:77–79). Þú lofar að:

- Hafa Jesú Krist ávallt í huga.
- Halda boðorð hans.
- Taka á þig nafn Krists, sem þýðir að þú hefur verk hans í fyrirrúmi í lífi þínu og gerir vilja hans í stað vilja heimsins.

Þegar þú heldur þetta loforð, mun himneskur faðir lofa að heilagur andi verði með þér og syndir þínar verði fyrirgefna.



Hvað er heilagur andi?

Gjöf heilags anda er ein af dýr-
mætustu gjöfum himnesks föður.
Skírn þín í vatni er ekki fullkomnuð
fyrir en menn sem hafa Melkíse-
deksprestðæmið veita þér blessun
um að meðtaka heilagan anda
(sjá Jóh 3:5).

Heilagur andi er aðili að Guð-
dóminum. Hann vitnar um himn-
eskan föður og Jesú Krist og hjálpar
okkur að þekkja sannleikann.
Hann hjálpar okkur að vera and-
lega sterk. Hann varar okkur við
hættum. Hann hjálpar okkur að
læra. Heilagur andi getur hjálpað
okkur að skynja kærleika Guðs.

Þegar þú ert staðfestur eða stað-
fest sem meðlimur kirkjunnar, getur
heilagur andi ávallt verið með þér,
ef þú velur hið rétta.



Af hverju þarf ég alla vega að vera átta ára til að láta skírast?

Drottinn kennir að börn
skuli ekki láta skírast fyrir
en þau verða nægilega
gömul til að greina á milli
góðs og ills, sem ritn-
ingarnar segja að sé við
átta ára aldur (sjá Moró
8:11–12; K&S 29:46–47;
68:27).



Öldungur
Jairo Mazzagardi
af hinum Sjötíu

Aðdráttarafi musterisins

Hvað marga varðar, þá innblæs musterið tilfinningar sem samstundis snerta hjartað.

Áður en ég var kallaður sem meðlimur Annarrar sveitar Ahinna Sjötíu, þjónuðum við hjónin í nokkur ár í must-erunum í Campinas og São Paulo í Brasilíu. Í báðum must-erunum furðaði ég mig oft á því að fólk sem átti leið hjá var svo dregið að musterinu að það gaf sér tíma til að staldara við og spyrjast fyrir um það.

Þegar það kom inn fyrir, sögðum við að það mætti ekki fara lengra án ákveðins undirbúnings. Við útskýrðum síðan tilgang musterisins, miðluðum nokkrum grundvallarkenn-ingum fagnaðarerindisins og buðum því að hitta trúboðana. Hvað margt gott fólk varðar, þá er musterið sjálft mikið trú-boðsverkfæri, því það innblæs tilfinningar sem samstundis snerta hjartað.

Eiginkona mín, Elizabeth, og ég þekkjum persónulega áhrifamátt slíkra tilfinninga. Fyrir nær 40 árum tók góður vinur og félagi, sem var meðlimur kirkjunnar, að ræða óformlega við okkur um fagnaðarerindið. Hann sendi trúboða til okkar nokkrum sinnum. Okkur líkaði við trú-boðana og samþykktum að taka á móti kennslu þeirra, en við höfðum ekki einlægan áhuga á því sem þeir kenndu.



Það breyttist í október 1978, þegar félagi minn bauð nokkrum vinum, þar á meðal okkur, á opið hús í musterinu í São Paulo, Brasilíu. Hann leigði nokkra rútbíla á eigin kostnað, svo vinir hans gætu komið með honum til musterisins, sem var í um 80 km fjarlægð.

Þegar Elizabeth kom inn í skírnarsalinn, skynjaði hún nokkuð sem hún hafði aldrei áður upplifað, nokkuð sem hún síðar bar kennsl á sem heilagan anda. Hún upplifði mikla gleðitilfinningu í hjarta sér. Á því andartaki varð henni ljóst að kirkjan væri sönn og hún vildi ganga í hana.

Ég upplifði álíka tilfinningu við lok opna hússins, þegar farið var með okkur í innsigliunarherbergi og okkur var sagt frá kenningunni um eilífur fjölskyldur. Kenningin snart við mér. Ég naut velgengni í starfi, en hafði lengi fundið tótleika í sál minni. Mér var ekki ljóst hvað gæti fyllt þann tótleika, en vissi að það hafði eitthvað að gera með fjölskylduna. Þarna, í innsigliunarherberginu, tóku hlutirnir að falla í réttar skorður í huga mínum og hjarta.

Innan fárra daga höfðu trúboðarnir samband að nýju. Í þetta sinn vorum við afar áhugasöm að hlýða á boðskap þeirra.

Öldungarnir hvöttu okkur til að biðjast fyrir oft fyrir um sannleikann. Ég ákvað að það væri aðeins þannig sem ég *gæti* beðist fyrir. Mér var ljóst að ég gæti ekki skuldbundið mig til að ganga í kirkjuna án þess að hljóta raunverulegan vitnisburð. Ég hafði sterka löngun til að koma til himnesks föður og biðja hann um staðfestingu, en var á sama tíma sannfærður um að hann myndi svara mér. Ég sagði honum frá innilegustu þrám hjarta míns og bað hann að veita mér svar sem yrði mér fullvissa um að rétt væri fyrir mig að ganga í kirkjuna.

Í sunnudagaskóla vikunni á eftir, sat vinur minn, sem hafði boðið okkur á opna húsið í musterinu, fyrir aftan mig. Hann hallaði sér fram og tók að tala við mig. Það sem hann sagði, svaraði nákvæmlega því sem ég hafði beðist fyrir um að fá að vita. Ég var í engum vafa um að himneskur faðir væri að tala til mín með honum. Á þessum tíma var ég þungbúinn og harður af mér, en hjartað mildaðist og ég tók að gráta. Þegar vinur minn hafði lokið máli sínu, bauð hann mér og eiginkonu minni að skírast. Við samþykktum það.

Hinn 31. október 1978, minna en mánuði eftir reynslu okkar í São Paulo musterinu, vorum við skírð og staðfest. Daginn eftir vorum við viðstödd aðra vígsluathöfn São Paulo musterisins í Brasilíu. Ári síðar snérum við aftur til musterisins með tveimur sonum okkar, til að innsiglast sem fjölskylda. Allir þessir atburðir voru yndislegir og minnisstæðir. Við höfum viðhaldið þessum tilfinningum með reglubundinni musteristilbeiðslu í árána rás.

Tuttugu og átta árum eftir skírn okkar, vorum við hjónin aftur í São Paulo musterinu í Brasilíu. Ég hafði stuttu áður verið kallaður sem musterisforseti. Það var okkur ljúf reynsla að ganga um sali húss Drottins og upplifa að nýju þær innilegu tilfinningar sem urðu hvati að trúarumbreytingu okkar.

Musterið heldur áfram að veita okkur hjónum mikla hamingju. Þegar við sjáum ungt par koma í musteríð til að innsiglast sem eilíf fjölskylda, glæðast vonir okkar.

Margir um heim allan eru undir það búnir að hlýða á boðskap fagnaðarerindisins. Þeim þyrstir í það, líkt og ég gerði fyrir um 30 árum. Musterið og helgiathafnir þess búa yfir nægum áhrifamætti til að svala þeim þorsta og fylla það tóm. ■

EITTHVAÐ VAR ATHUGAVERT VIÐ FLUGVÉLINA MÍNA

Kvöld eitt, er ég ók flugvélinni minni, fullri af farþegum til flugtaks, fékk ég á tilfinninguna að eitthvað væri athugavert við stýrikerfi vélarinnar. Til að staðfesta andlegt hugboð mitt, ók ég af flugtaksbrautinni og beygði vélinni í nokkra hringi. Ekkert virtist óvenjulegt.

Ég hugsaði með mér: „Ætti ég að taka á loft og koma farþegunum í tíma á áfangastað sinn eða að fara aftur að hliðinu?“ Mér var ljóst að ef ég sneri við, yrði um mikla seinkun að ræða. Flugtaksbrautir eru einstefna; ég yrði að bíða eftir að flugstjórn kæmi mér fyrir einhversstaðar á milli annarra véla í allri umferðinni. Þá hefðum við

orðið að bíða eftir skoðunarteyminu til að prófa flugvélina. Seinkunin gæti skapað flugfélaginu vanda og fólkinu sem hafði mælt sé mót við aðra eða þurfti að skipta um vélar. Ég velti líka fyrir mér hvernig skoðunardeildin myndi bregðast við þeirri athugasemd minni að eitthvað væri athugavert við vélina þegar ég hafði ekkert fyrir mér nema sterka tilfinningu.

Sem flugstjóri vélarinnar, bar ég ábyrgð á öryggi okkar, svo ég ákvað að breyta samkvæmt hugboði mínu og snúa við.

Þegar við komum að hliðinu, greindi ég vélvirkjanum frá því að mér finndist

eitthvað vera athugavert, en að ég gerði mér ekki grein fyrir hvað það væri. Hann trúði ekki að eitthvað væri að.

„Það hefur líklega aðeins verið bleytan á brautinni,“ sagði hann. „Vélin getur hafa runnið til á malbikinu.“ Hann samþykkti samt að skoða stýribúnaðinn á framhjólunum. Eftir þá skoðun, bað hann mig að afferma farþegana, svo hann gæti ekið vélinni til prufunar.

Hann snéri aftur um 30 mínútum síðar og var afar áhyggjufullur. Í prófuninni hafði hann heyrt slitrótt nuddhljóð. Þegar hann prófaði bremsurnar, er hann snéri við í átt að hliðinu, missti hann stjórn á vélinni svo hún rann næstum út af brautinni.

Nákvæmari skoðun leiddi í ljós að bremsubúnaðurinn hafði ekki fengið rétt viðhald kvöldinu áður. Ef ég hefði lent vélinni að loknu flugi, hefðu bremsurnar gefið sig og ég hefði misst stjórn á vélinni.

Ég fékk aðra vél til afnota og flaug örugglega með farþegana til áfangastaðar þeirra þremur stundum of seint.

Ég er þakklátur fyrir að hafa hlustað á hljóða rödd andans. Ég veit að andinn veitir okkur handleiðslu, ef við leitum leiðsagnar Drottins og hlustum á innblásturinn sem á eftir kemur. ■

Craig Willie, Utah, Bandaríkjunum

Ég velti fyrir mér hvernig skoðunardeildin myndi bregðast við þeirri athugasemd minni að eitthvað væri athugavert við vélina þegar ég hafði ekkert fyrir mér nema sterka tilfinningu.



FINNA GLEÐI Í LÍFINU

Eitt sinn var ég að lesa aðalráðstefnu-ræðu eftir öldung Richard G. Scott í Tólfpostulasveitinni. Þótt ég hefði hlustað á og lesið ræðuna hans áður, fangaði orðtak nokkurt athygli mína og festist í huga mínum.

Nokkrum klukkustundum síðar kom sonur minn í heimsókn, en hann bjó í íbúð með vinum sínum. Hann hafði þjónað í trúboði og tekið nokkrar annir í framhaldsskóla. Hann var óákveðinn varðandi menntunarsvið og hvaða starfsvettvang hann ætti að velja sér. Þar sem hann hafði orðið vonsvikinn og fundist skólinn tíma- og peningasóun, þegar hér var komið, ákvað hann að fresta námi og fara út á vinnumarkaðinn.

Hann hafði sagt mér að einn vina hans hefði lagt til að þeir færu til Bahamaeyja eða Karabíaeyja fengju sér vinnu þar og skemmtu sér í nokkra mánuði. Sonur minn var eftirvæntingarfullur yfir horfunum. Ég fékk auðveldlega séð hvernig slíkt áhyggjulaust líf gæti verið spennandi fyrir ungan mann.

Einmitt þá kom boðskapur öldungs Scotts upp í huga minn. Ég tók upp *Ensign* og las eftirfarandi fyrir son minn: „Þið eruð hér á jörðu í guðlegum tilgangi. Ekki fyrir endalaus skemmtun, eða til að sækjast stanslaust eftir ánægju. Þið eruð hér til að verða sannreynd, sýna hvað í ykkur býr, svo þið fáið hlotið þær auknu blessanir sem Guð ætlar ykkur. Krafa er gerð um mildandi áhrif

þolinmæðar“ („Finding Joy in Life,“ *Ensign*, maí 1996, 25).

Án þess að segja orð, tók sonur minn tímaritið, gekk í burtu og las alla ræðuna. Síðar sagði hann aðeins að hann hyggðist ekki taka þátt í eyjaævintýrinu.

Þegar að því kom fór hann í lög-regluskólann, og í framhaldi af því kynntist hann eiginkonu sinni. Þau giftust í Mesa musterinu í Arisóna og eiga nú þrjú dásamleg börn. Árið 2010 ávann sonur minn sér háskólagráðu og hefur sannlega „fundið gleði í lífinu.“

Fyrirhugað ævintýri sonar míns hefði

getað orðið góð reynsla; hins vegar hefði hún líka getað verið andlega hættuleg. Í hvert sinn er ég íhuga þessa reynslu, snertir andinn hjarta mitt.

Ég er þakklát fyrir orð spámannanna og að ég hlaut hugboð um að vitna í ræðu sem hjálpaði mér að veita handleiðslu. Ég er líka þakklát fyrir að sonur minn hlustaði á á boðskap Drottins og leyfði anda Drottins að hafa áhrif á sig. Ég veit að margar blessanir og ljúf náð hljótast þegar við hlustum á og hagnýtum okkur kenningar frelsarans og þjóna hans. ■

Karen Rockwood, Idaho, Bandaríkjunum



Þegar sonur minn sagði mér að einn vina hans hefði lagt til að þeir færu til Bahamaeyja eða Karabíaeyja sér til skemmtunar í nokkra mánuði, kom boðskapur öldungs Scotts upp í huga minn.

SÍMTALIÐ ROFNAÐI

Í mars 1997, er við hjuggum í rússnesku borginni Rostov-on-Don, létum við hjónin skírast í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Þegar ég lærði kenningar kirkjunnar, hlaut ég svör við fjölmörgum spurninga minna. Það var áhugavert að læra um áætlun hjálpræðis, ásamt iðkun skírnar fyrir hina dónu. Ég varð undrandi yfir að við gætum skírst fyrir okkar dónu áa.

Ári eftir skírn okkar bauð trúboðsforsetinn að við byggjum okkur

undir að fara í musterið. Við hófum ættfræðirannsóknir, sem var hluti af undirbúningi okkar. Dag einn, þegar ég hugðist sinna þessu verki, hringdi síminn. Það var tengdamóðir mín. Ég bað hana að senda mér lista yfir látin ættmenni eiginmanns míns. Hún varð furðulostin og sagði mér að skírn fyrir dóna væri ekki kristin kenning, heldur aðeins eitthvað sem mormónar hefðu fundið upp. Ég var ekki viss um hvernig ég ætti að svara henni, því ég þekkti

ekki tilvísanirnar í ritningarnar sem studdu kenninguna.

Þegar ég hugsaði um hvernig ég ætti að svara henni, rofnaði símtalið. Um stund vissi ég ekki hvað hafði gerst, en ég lagði tólið á og fór inn í svefnherbergið mitt. Ég tók upp Nýja testamentið, kraup og baðst fyrir, og bað himneskan föður að sýna mér hvar svarið væri að finna.

Þegar ég hafði lokið bæninni, opnaði ég Biblíuna. Mér fannst líkt og einhver segði mér að lesa 29. versió einmitt á þeirri síðu sem ég hafði lent á. Ég var í 15. kapítula 1 Korintubrúfsins, þar sem fjallað er um kenningu skírnar fyrir dóna.

Ég var hræð og undrandi yfir að himneskur faðir hafði bænheyrt mig á sama andartaki. Það var dásamleg tilfinning.

Ég íhugaði djúpt þessa reynslu, er síminn hringdi skyndilega. Það var tengdamóðir mín og hún spurði af hverju símtalið hefði rofnað. Ég sagðist ekki vita það, en bað hana síðan að opna Biblíuna og lesa 1 Korintubrúfið 15:29.

Nokkrum dögum síðar lá listi með ættmendum hennar á borðinu mínu. Tengdamóðir mín hafði lesið ritninguna og trúði nú að frelsarinn hefði kennt kenninguna um skírn fyrir dóna með Páli postula.

Guð hefur heitið þeim miklum blessunum sem gera þetta endurlausnarverk. Þetta veit ég að er satt. ■
Seda Meliksetyan, Armeníu



Tengdamóðir mín varð furðulostin og sagði mér að skírn fyrir dóna væri ekki kristin kenning, heldur aðeins eitthvað sem mormónar hefðu fundið upp.

HVAR GET ÉG FENGIÐ SVONA TÍMARIT?

Þegar ég var á rútuferðalagi með fjölskyldu minn, frá Nevada til Alaska, Bandaríkjunum, bryddaði ég upp á samræðum við háa, myndarlega og vinsamlega konu sem sat hinu megin við gangveginn.

Hún spurði hvert ferð minni væri heitið og ég sagði okkur á leið til Juneau, Alaska, til að heimsækja son okkar og fjölskyldu hans. Hún sagðist vera frá Las Vegas. Hún varð síðan klökk og bætti við að hún væri á ferð til Juneau til að heimsækja tengdafólk sitt, í þeim tilgangi að hafa minningarathöfn um eiginmann sinn, sem hún hafði verið gift í 20 ár. Hann hafði nýverið látist af völdum krabbameins.

Mér varð lítið yfir gangveginn og varð hugsað hve gæfusöm ég var að þekkja áætlun hjálpræðis og að vera musterisþjónn í Las Vegas musterinu í Nevada. Ég velti fyrir mér hvað ég gæti gert til að uppörva þessa konu.

Skyndilega komu orð spámannsins Josephs Smith skýrt upp í huga minn, sem ég hafði dreift á blöðum í Líknarfélaginu. Þegar hann stofnaði Líknarfélagið, sagði hann að systurnar munu „fúslega líkna hinum ókunnuga; þær munu veita hinum sáru og hrjáðu bæði, viðsmjör og vín; þær munu þerra tár munaðarleysingjans og vekja fögnuð ekkjunnar“ (*Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* [2007], 449).

Ég horfði aftur yfir gangveginn. Ég



Ég velti fyrir mér hvað ég gæti gert til að uppörva anda þessarar konu, sem nýverið hafði misst eiginmann sinn.

sá ókunnugan í bágingum, ekkju sorgmædda í hjarta. Ég minntist þess að hafa lesið í júlí 2011 útgáfu *Ensign* fyrir um daginn. Í því voru nokkrar hughreystandi greinar sem ég taldi að gætu orðið henni til huggunar og hvatningar.

Ég taldi í mig hugrekkið, fletti upp á grein í tímaritinu og bauð henni að lesa hana. Ég fylgdist náið með henni og sá mér til undrunar að hún las hverja setningu—af áhuga. Þegar hún hafði lokið lestri greinarinnar, tók hún að lesa aðra grein.

Greinilega hafði eitthvað sem hún las snert hjarta hennar. Hún þrýsti

tímaritinu þétt að brjósti sér og þerraði tár af hvörmum sér.

„Hvar get ég fengið svona tímarit?“ spurði hún mig. Ég sagði að hún mætti eiga það. Hún las þá enn meira.

Þegar við komum til Juneau, tók hún í hönd mína, horfði beint í augu mér og sagði: „Þakka þér fyrir.“

Ég lærði heilmikla lexíu af þessari reynslu. Við erum umlukin ókunnugum, sorgmæddum í hjarta, sem þarfnast hvatningarorða og vitneskju um það sem við vitum sem Síðari daga heilagir. ■

Sharon Rather, Nevada, Bandaríkjunum

Stundum þurfum við að gefa eitthvað gott upp á bátinn fyrir eitthvað enn betra.

VELJA ÞAÐ SEM **betra** ER

Matthew D. Flitton

Kirkjutímaritin

Dag einn kom Zoltán Szücs frá Szeged, Ungverjalandi, kajakþjálfara sínum á óvart með því að tilkynna honum að hann hyggðist ekki fara til Þýskalands á keppnismót.

„Það var sama dag og ég ætlaði að skírast, svo ég vildi það ekki,“ sagði Zoltán.

Þegar Zoltán var 17 ára hafði hann unnið margar kajakkeppnir. Það er vinsæl íþrótt í Ungverjalandi og Zoltán var góður—nógu góður til að eiga raunverulega möguleika á að verða atvinnumaður. Zoltán hafði ákveðið að verða af einni keppni, og átti brátt eftir að gefa kajaksiglingar algjörlega upp á bátinn. Hann hafði betri hnöppum að hneppa.

Kajaksiglingarnar höfðu reynst Zoltán vel. Í árána rás hafði hann í samstarfi við þjálfarann sinn lært sjálfsaga, hlýðni og vinnusemi. Zoltán hafði líka lært að forðast efni og ávana sem drægi úr getu hans. Þetta var ekki auðvelt líferni; það var einmanalegt og atvinnumennska tæki enn meiri tíma. Atvinnumenn æfa 12 tíma á dag og verða að keppa á sunnudögum.

„Tími minn fór að mestu í kajaksiglingar,“ sagði Zoltán. „Ég var öfgamaður.

Sökum þess lokaði ég á heilmargt í lífi mínu.“

Það var ástæða þess að Zoltán sá að hann gat ekki helgað sig bæði fagnaðareindinu og kajaksiglingum. Árið 2004 tilkynnti hann þjálfara sínum að hann væri hættur að stunda kajaksiglingar.

Fyrir á því ári höfðu trúboðar tekið að kenna móður Zoltán. Hann var ekki með í kennslunni. Hann samþykkti boð móður sinnar með tregðu um að vera viðstaddur skírni hennar. En hann komst við í hjarta þegar hann kom inn í kirkjubygginguna. Zoltán samþykkti að hitta trúboðana, að hluta til vegna þess að hann gat samsamað sig þeim.

„Trúboðarnir vöktu mér áhuga, því þeir voru venjulegir menn sem lifðu eftir æðri staðli,“ sagði hann.

Sökum þessa æðra staðals, sem Zoltán lifði þegar eftir, sem kajaksiglingamaður, meðtók hann auðveldlega kenningar fagnaðarerindisins sem gagnlegar. Hann var skírður tveimur mánuðum síðar.

Í fyrstu hélt hann sig geta haldið kajaksiglingum áfram án þess að keppa á sunnudögum. En sökum þess að hann er sú manngerð sem

vill standa sig vel í því sem hann tekur sér fyrir hendur, ákvað hann að gefa kajaksiglingarnar upp á bátinn.

Hann reyndi að hafa kajaksiglingar sem áhugamál eftir skírni sína. Þegar hann gerði það bað þjálfarinn hann um að hjálpa til við að kenna öðrum og skipuleggja ferðir, úr því hann vildi ekki keppa sjálfur. Hann vildi hins vegar ekki skuldbinda sig kajaksiglingum—eða einhverri annarri athafnasemi—sem hefði getað latt hann í lærisveinshlutverkinu.

Zoltán lagði því árar í bát og ákvað að helga sig kirkjubjónustu, sem var lík ákvörðun og Howard W. Hunter forseti (1907–95) tók þegar hann hafði gift sig. Hunter forseti var leikinn tónlistarmaður, sem gat leikið á fjölda hljóðfæra. Á kvöldin hafði hann leikið með hljómsveit, en líferni þeirra sem hann lék með var ekki í samræmi við reglur fagnaðarerindisins. Hunter forseti lagði því hljóðfærin á hilluna og tók þau aðeins fram endrum og eins til undirleiks fyrir söng fjölskyldunnar.¹

Zoltán saknar kajaksiglinganna, en er ljóst að ást hana á kajaksiglingum var nægilega sterk til að togast á við,



Zoltán Szücs, frá Szeged, Ungverjalandi gaf kajaksiglingar upp á bátinn til að hafa meiri tíma fyrir fagnaðarerindið.



og hugsanlega yfirvinna, elsku hans til Drottins, ef hann gæfi sig of mikið að íþróttinni.

Sama regla getur átt við alla athafnasemi sem dregur okkur frá því sem Guð ætlar okkur að verða. Það kann að vera betra fyrir hvert okkar að halda okkur fjarri ákveðnum hlutum í lífinu—jafnvel þótt þeir teljist góðir—fremur en að stofna eilífu lífi í hættu til að njóta þeirra.

„Kirkjan varð mitt líf,“ sagði Zoltán. „Mér var ljóst að kajaksiglingar gætu ekki verið lifibrauð mitt, ef ég yrði virkur í kirkjunni, heldur yrðu þær aðeins áhugamál, svo mér reyndist auðvelt að gefa þær upp á bátinn. Ég vildi þess í stað beina athygli minni að himneskum föður.“

Zoltán tók að læra fagnaðarerindið af sama kappi og hann leggur í allt sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann setti sér markmið um að þjóna í trúboði. Hann vildi dvelja í eigin landi og kenna öðrum.

Hann þjónaði í Ungverjalandi og starfar nú sem enskukennari í grunnskóla. Hann hefur fagnaðarerindið áfram í forgangi. „Það er ýmislegt sem við þurfum að gefa upp á bátinn, því það getur fjarlægst okkur Guði,“ sagði hann. „Það er auðvelt að láta af því sem slæmt er, þegar við vitum að okkur ber að gera það. Oft er okkur ekki ljóst hvenær okkur ber að láta af einhverju góðu fyrir það sem betra er. Við teljum að þar sem það er ekki slæmt, getum við haldið því og líka fylgt áætlun Guðs.“ En Zoltán veit að við þurfum að láta af því góða, ef það kemur í veg fyrir að við fylgjum áætlun Guðs fyrir okkur. ■

HEIMILDIR

1. Sjá Eleanor Knowles, *Howard W. Hunter* (1994), 81.

„Hvernig útskýri ég fyrir vinum mínum að slæmt sé að brjóta skírlífislögmálið?“

Himneskur faðir vill að við séum hamingju-söm og verðug anda hans, og því gefur hann okkur boðorð til að hjálpa okkur hafa hugsanir okkar, orð og verk innan viðeigandi marka. Skírlífislögmálið hjálpar okkur að halda sköp-unarkraftinum innan vébanda hjónabandsins. Ein ástæða þess að hann býður að eiginmaður og eiginkona noti aðeins sköp-unarkraftinn sín á milli, er sú að „börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins.“¹

Þið getið gefið vini ykkar eintak af *Til styrktar æskunni*. Þar eru gefnar nokkrar ástæður fyrir því að rétt er að lifa eftir skírlífislögmálinu: „Þegar þið hlýðið boðorði Guðs um kynferðislegan hreinleika, búið þið ykkur undir að gera og halda helga sáttmála í musterinu. Þið búið ykkur þá undir að þróa gott hjónaband og að færa börn í heiminn, líkt og á við um eilífa og ástríka fjölskyldu. Þið verjið ykkur einnig gagnvart andlegum og tilfinningalegum skaða, sem er fylgifygur líkamlegs sambands utan hjónabands. Þið verjið ykkur líka gegn skaðsömum sjúkdómum. Ef þið viðhaldið kynferðislegum hreinleika eflað þið eigið sjálfsöruggi og hamingju og verðið betur í stakk búin til að taka góðar ákvarðanir nú og á komandi tíð.“²

Musterið



Himneskur faðir ætlar okkur öllum guðlegan tilgang og hann getum við uppfyllt í musterinu. Við ættum að vera verðug þess að fara í musterið, svo fjölskyldur okkar geti verið ævarandi innsiglaðar. Við munum dvelja með okkar himneska föður og það sem mikilvægast er, við munum njóta óendanlegrar gleði, sem ekki er mögulegt hinum óverðugu.

Alofa M., 18 ára, Samóa

Hjónaband og fjölskylda



Við erum hvött til að vera kynferðislega hrein, svo við séum verðug þess að fara í musterið og halda helga sáttmála.

Ef við lifum eftir skírlífislögmálinu, getum við unnið að öflugum hjónabandi og fjölskyldu. Satan er ætíð fyrir hendi til að freista okkar, en með bæn, ritningarlestri og góðum vinum, fáum við sigrast á því.

Resty M., 16 ára, Filippseyjum

Slæmar afleiðingar

Það hefur margar slæmar afleiðingar að brjóta skírlífislögmálið, og við lærum ekki um þær allar í heilsufræði. Það getur hrakið andann í burtu, ef skírlífislögmálið er brotið, sært okkar nánustu og skapað vanlíðan hjá okkur sjálfum. Ég legg til að þið horfið á stuttmynd með boðskap mormóna sem heitir „Chastity: What Are the Limits?“ [á youth.lds.org á ensku, portúgölsku og spænsku].

Matthew T., 17 ára, Utah, Bandaríkjunum

Hreinleiki og sjálfsvirðing

Ef við lifum eftir skírlífislögmálinu, verðum við hrein í augum Guðs, búum að sjálfsvirðingu og stuðlum að því að aðrir virði okkur líka. Ef við hlítum skírlífislögmálið, sýnum við að við erum börn Guðs og að við lifum eftir æðri stöðlum. Við þurfum þá ekki að upplifa eftirsjá. Þegar við hlýðum himneskum föður, einkum hvað þetta lögmál varðar, verðum við hamingjusamari hér á jörðu og í komandi heimi.

Alyana G., 19, Filippseyjum

Helg gjöf

Ef farið er léttilega með gjöf sköpunar, er litið á þessa dýrmætu gjöf Guðs sem hversdagslega. Ef sá sem við gefum gjöf finnst hún ekki sérstök, finnum við ekki til mikillar gleði. Við verðum alltaf að líta á sköpunarkraftinn sem helgan, því við erum öll musteri Guðs og ættum að vera hrein sem musteri hans.

Jaron Z., 15 ára, Idaho, Bandaríkjunum

Hafa andann með okkur



Þegar við erum hrein af synd, verðum við mun hamingjusamari og blessaðri. Líkamar okkar eru sem musteri og

himneskur faðir „dvelst ekki í vanhægum musturum“ (Alma 7:21).

Andinn fær því dvalið í okkur þegar við erum hrein af synd.

Maryann P., 14 ára, Arkansas, Bandaríkjunum

Mikilvægar spurningar

Svarið spurningu vinar ykkar með því að leggja fyrir hann nokkrar spurningar: „Hvað ef framtíðarmaki þinn væri að horfa á þig nú?“ Allir sem ég hef heyrt um sem brotið hafa skírlífislögmálið, hafa séð eftir því. „Hvað ef framtíðarbarn þitt spyrdi hvort þú hefur brotið skírlífislögmálið?“ Vinur ykkar þarf að þekkja mikilvægi skírlífislögmálsins nú þegar, áður en sonur hans eða dóttir spyr slíkrar spurningar. Við þurfum að halda okkur hreinum, til að stuðla að hamingju okkar og heilbrigðu lífi, án sektar um að hafa brotið heilagt lögmál.

Robyn K., 13 ára, Utah, Bandaríkjunum

Dyggð og skírlífi



Drottinn hefur velþóknun á dyggð og skírlífi og allt ætti að gerast á réttum tíma. Skírlífislögmálið er

boðorð frá Drottni. Bæn og samfélag andans eru fullkomin samsetning til að fá vitað að hreinlífi er blessun.

Selene R., 18 ára, Nicaragua

Innan hjónabandsins

Ég myndi útskýra fyrir vini mínum að slæm hugmynd væri að brjóta skírlífislögmálið, því sköpunarkrafturinn er aðeins ætlaður löglega giftum hjónum. Þegar við brjótum skírlífislögmálið, glötum við heilögum anda í lífi okkar.

Augustina A., 15 ára, Ghana

HEIMILDIR

1. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Liahona*, nóv. 2010, 129.
2. *Til styrktar æskunni* (bæklingur, 2011), 35.



MIKILL SKAÐI FELST Í ÞVÍ AÐ BRJÓTA SKÍRLÍFISLÖGMÁLIÐ

„Drottinn gefur eiginni og eiginkonu leyfi innan hins ævarandi hjónabandssáttmála, að tjáning

hins helga sköpunarkrafts með allri sinni ástúð og fegurð, fari fram innan þeirra marka sem hann hefur sett. . . .

Drottinn hefur hins vegar bannað kynferðissamband utan varanlegrar skuldbindingar hjónabandsins, því það grefur undan tilgangi hans. Séu slík sambönd innan hins helga hjónabandssáttmála, samræmast þau hans áætlun. Ef þau eru á einhvern annan veg, eru þau andstæð vilja hans. Þau valda alvarlegum tilfinningalegum og andlegum skaða. Þótt þeir sem ástundi slíkt geri sér ekki skaðsemina ljósa nú, munu þeir gera það síðar. Kynferðislegur óhreinleiki hindrar áhrif heilags anda.“

Öldungur Richard G. Scott í Tölfpostulasveitinni, „Making the Right Choices,“ *Ensign*, nóv. 1994, 38.

NÆSTA SPURNING TIL UMFJÖLLUNAR

„Hvað get ég gert þegar efni er rætt í skólanum, sem andstætt er kenn-ingum fagnaðarar-indisins, til að mynda fóstureyðingar?“

Sendið svar ykkar fyrir 15. maí til liahona@ldschurch.org eða með hefðbundnum pósti til:

Liahona, Questions & Answers 5/13
50 E. North Temple St., Rm. 2420
Salt Lake City, UT 84150-0024, USA

Svartexti kann að verða styttr eða lagaður til.

Eftirfarandi upplýsingar verða að fylgja í bréfi ykkar eða tölvupósti: (1) fullt nafn, (2) fæðingardagur, (3) deild eða grein, (4) stika eða umdæmi, (5) skriflegt leyfi ykkar, eða foreldra ykkar, ef þið eruð undir 18 ára aldri, (tölvupóstur er viðunandi) til að birta svar ykkar og ljósmynd af ykkur í hári upplausn.



Thomas S. Monson
forseti

HVERNIG ÞJÓNA Á ÍKÖLLUNUM PRESTDÆMISINS

Hafið þið einhvern tíma íhugað virði mannsálarinnar? Hafið þið einhvern tíma íhugað möguleikana sem búa hið innra með hverju okkar?

Ég sótti eitt sinn stikuráðstefnu, þar sem fyrrverandi stikuforseti minn, Paul C. Child fletti upp á 18 kafla í Kenningu og sáttmálum og las: „Hafið hugfast að **verðmæti sálna** er mikið í augum Guðs“ (vers 10).

Child forseti spurði síðan: „Hvers virði er sála mannsins?“ Hann forðaðist að biðja biskup, stikuforseta eða háráðsmann að svara spurningunni. Þess í stað bað hann öldungarforseta að svara henni.

Hinn hreldi maður varð hljóður að því er virtist heila eilífð og lýsti síðan yfir: „Virði mannsálarinnar er möguleiki hennar að **verða sem Guð**.“

Allir viðstaddir íhuguðu þessi orð. Child forseti hélt áfram með boðskap sinn, en ég tók að ígrunda þetta innblásna svar.

Að finna, að fræða, að fanga hinar dýrmætu sálir sem faðir okkar hefur búið undir boðskap sinn, er gríðarlegt verkefni. Velgengnin er

sjaldan auðveld. Yfirleitt fylgja henni **tár, raunir, traust og vitnisburður**.

Þjónar Guðs finna hughreystingu í fullvissu meistarans: „Ég er með yður alla daga“ (Matt 28:20). Þetta undursamlega loforð eru ykkur til halds og trausts, bræður í Arons-prestdæminu, sem kallaðir eru í leiðtogastöður í sveitir djákna, kennara og presta. Það hvetur ykkur í undirbúningi ykkar að þjóna á trúboðsákrinum. Það hughreystir ykkur á stundum vanmáttar, sem allir upplifa.

„Þreytist þess vegna ekki á að gjöra gott,“

segir Drottinn, „því að þér eruð að leggja grunninn að miklu verki. Og af hinu smáa sprettur hið stóra.

Sjá, Drottinn krefst hjartans og viljugs huga“ (K&S 64:33–34). **Varanleg trú, staðfast traust og sterk þrá** hefur alltaf einkennt þá sem þjóna Drottni af öllu hjarta.

Ef einhverjum bróður innan hljómsviðs míns, finnst hann óundirbúinn og jafnvel óhæfur til að taka að sér köllun til þjónustu, til að blessa líf annarra, íhugaðu þá þennan sannleika: **„Þann sem Guð kallar gerir Guð hæfan.“** ■

Úr ræðu á aðalráðstefnu í apríl 1987

HVERNIG HAFIÐ ÞIÐ HAGNÝTT YKKUR ÞETTA?

„Sú vitneskja mín að Drottinn er mér við hlið, gerir mér kleift að muna eftir hvers vegna ég fer í trúboð: til að þjóna Drottni og leiða aðra til frelsara okkar, Jesú Krists. Ég veit að hann lætur mig ekki þola nokkuð það sem ég fæ ekki tekist á við í trúboði mínu.“

**Dilan M., Utah,
Bandaríkjunum**



LIÓSMYNDIÚB TEIKNING EFTIR CODY BEL © IRI

RÁÐGASTU VIÐ DROTTINN

Degar ég var 15 ára var ég hrifin af bekkjarsystur minni og langaði að fara á stefnumót með henni. Hún var aðlaðandi, en ég velti fyrir mér hvort ég ætti að bjóða henni út áður en ég yrði 16 ára. Ég minntist Alma 37:37, en þar segir: „Ráðgastu við Drottin um allt, sem þú tekur þér fyrir hendur, og hann mun leiðbeina þér til góðs.“ Svo þetta var það sem ég gerði. Ég baðst fyrir og beið í nokkra daga eftir bænheyrslu Drottins áður en ég tók ákvörðun.

Dag einn í kirkju kallaði biskupinn mig afsíðis og bauð mér að halda ræðu næsta sunnudag. Hvert haldið þið að efnið hafi verið? Farið ekki á stefnumót við hitt kynið fyrr en þið eruð orðin í það minnsta sextán ára. Mér fannst þetta vera bænheyrsla Drottins fyrir mig og svarið var nei. Hvernig gat ég kennt eitthvað sem ég lifði ekki eftir?

Þar sem ég hafði ráðgast við Drottin, fékk ég lært vilja hans fyrir mig og hlaut styrk til að standast freistinguna. Ég veit að ef við ráðgumst við Drottin, mun

hann sýna okkur vilja sinn og við verðum ríkulega blessuð.

Eduardo Oliveira,
Ceará, Brasilíu

EFTIRLÆTIS RITNINGARGREININ MÍN KENNING OG SÁTTMÁLAR 24:8

Ritningarnar veita mér vellíðan þegar ég tekst á við raunir, því þar segir: „Ég er með þér allt til æviloka þinna.“ Þetta hefur þá merkingu fyrir mig, að ef ég leita himnesks föður, mun hann ávallt vera til staðar fyrir mig, allt til loka lífs míns.

Alex Ortiz, Nuevo Casas Grandes, Mexíkó



KRAFTUR FRÍÐÞÆGINGARINNAR

Degar trúboðarnir kenndu mér var megin efni lexía þeirra ætíð Jesús Kristus og friðþæging hans. Þeir útskýrðu að friðþægingin væri gjöf frá Jesú Kristi fyrir hvert okkar. Hún er gjöf sem við getum nýtt okkur í daglegu lífi, þegar við tökumst á við raunir eða syndgum. Kraftur friðþægingarinnar upplyftir, græðir og hjálpar okkur að snúa aftur á hinn krappa og þrönga veg, sem liggur til eilífs lífs.



Þegar trúboðarnir kenndu þetta, upplifði ég sterka tilfinningu sem vitnaði fyrir mér að um sannleika væri að ræða, og ég ákvað að ganga í kirkjuna.

Síðar ákvað ég að þjóna í trúboði, því ég vildi hjálpa öðrum að þekkja þessa dásamlegu gjöf. Ég hef séð aðra breytast til nýs lífs, þegar þeim var kennd og miðluð friðþægingin. Líf mitt breyttist algjörlega, ekki aðeins af því að hlýða á friðþæginguna, heldur líka með því að hagnýta mér hana í lífinu.


Ég veit að friðþægingin er raunveruleg. Þegar við gerum áhrif hennar möguleg í lífi okkar, hverjar sem aðstæður okkar eru, er hægt að lagfæra allt og við finnum gleði.

Ioriti Taburuea, Kiribati





Hin helga
Biblía



Mormónsbók

HVERS VEGNA

MORMÓNSBÓK

ER OKKUR NAUÐSYNLEG

Sumir kunn að spyrja hvers vegna við þurfum Mormónsbók þegar við höfum Biblíuna. Í raun, þá bar Jesús Kristur vitni um að það myndi gerast (sjá 2 Ne 29:3). Það eru margar ástæður fyrir því að Mormónsbók er mikilvæg á okkar tíma (sjá til að mynda 2 Ne 29:7–11). Hér eru aðeins nokkrar ástæður tilgreindar fyrir mikilvægi hennar.

Annað vitni um Jesú Krist

Ritningarnar sýna fram á ákveðið mynstur margra vitna við að endur- reisa sannleika í kirkju Krists. Mormónsbók er annað vitni til viðbótar við Biblíuna, sem vitnisburður um Krist. Öldungur Mark E. Petersen (1900–84) í Tólfpostulasveitinni,



TVÖ VITNI

„Biblían er eitt vitni um Jesú Krist; Mormónsbók er annað vitni. Hvers vegna er annað vitni svona mikilvægt? Eftirfarandi myndlíking getur ef til vill hjálpað: Hversu margar beinar línur er hægt að draga í gegnum einn punkt á pappír? Svarið er óendanlega margar. Segjum sem svo að punkturinn tákni Biblíuna og hundruðir beinna lína sem dregnar eru í gegnum punktinn tákni mismunandi túlkanir á Biblíunni og að hver þeirra tákni mismunandi kirkjur.


Hvað gerist, hins vegar, ef annar punktur er settur á blaðið sem tákna Mormónsbók? Hversu margar beinar línur er hægt að teikna á milli þessara tveggja punkta: Biblíunnar og Mormónsbókar? Aðeins eina. Aðeins ein túlkun á kenningum Krists stenst vitnisburð þessara tveggja vitna.

Mormónsbók gegnir ítrekað því hlutverki að vera staðfestandi, útskýrandi og sameinandi vitni kenninganna sem kenndar eru í Biblíunni.”

Öldungur Tad R. Callister í forsætisráði hinna Sjötíu, „Mormónsbók—bók frá Guði,” *Aðalráðstefna*, okt. 2011, 87.



TAKA ÞÁTT Í UMRÆÐUNUM



Allan aprílmánuð munuð þið læra um fráhvarfið og endurreisnina í prestdæmissveitum, Stúlknafélaginu og námsbakkjum sunnudagaskólans (ef deild ykkar eða grein hefur nýju lexiurnar á ykkar tungumáli). Tilurð Mormónsbókar var mikilvægur hluti af endurreisninni. Eftir að hafa lesið þessa grein, íhugið þá að hvaða leyti líf ykkar er frábrugðið, sökum þess að þið hafið Mormónsbók. Þið getið skrifað tilfinningar ykkar í dagbók ykkar og íhugað að miðla þeim öðrum með því að vitna á heimili ykkar, í kirkju eða í félagsmiðlum.

sagði eitt sinn: „Megin ástæða þess að við höfum Mormónsbók, er sú að fyrir munn tveggja eða þriggja vitna verður öllu komið til leiðar. (Sjá 2 Kor 13:1.) Við höfum Biblíuna; við höfum líka Mormónsbók. Þær geyma tvær raddir—eru tvö helgirit—frá tveimur fornum þjóðum algjörlega aðskildum, og báðar bera þær vitni um guðleika Drottins Jesú Krists.“¹ Ezra Taft Benson (1899–1994) sagði enn fremur: „Við megum ekki gleyma því að Drottinn sjálfur kom fram með Mormónsbók sem sitt aðalvitni.“²

Fylling fagnaðarerindisins

Við vitum að „skýr og dýrmæt atriði, hafa verið felld úr“ Biblíunni í tímans rás (sjá 1 Nephi 13:40). Mormónsbók úrskýrir kenningu Krists og færir fyllingu fagnaðarerindisins á jörðuna að nýju (sjá 1 Ne 13:38–41). Mormónsbók gerir okkur kleift að vita að skírningin verður að framkvæma með niðurdýfingu (sjá 3 Ne 11:26) og að lítill börn þarfnast ekki skírnar (sjá Moró 8:4–26).

Pungamiðja hinnar endurreistu kirkju

Spámaðurinn Joseph Smith vitnaði að Mormónsbók væri „burðarsteinn trúar okkar.“³ Þar sem við vitum það, virðist ekki um tilviljun að ræða að Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu var stofnuð 6. apríl 1830,

aðeins 11 dögum eftir að Mormónsbók var fyrst fáanleg til almennrar sölu 26. mars 1830. Kirkjan var ekki stofnuð fyrr en burðarsteinsritning hennar var aðgengileg meðlimum hennar.

Blessun í lífi okkar

Spámaðurinn Joseph Smith sagði um Mormónsbók, að „maðurinn kæmist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar.“⁴ Í Mormónsbók býr kraftur til lífsbreytingar—bæði til að breyta ykkar lífi og þeirra sem þið miðlið bókinni. Henry B. Eyring forseti og fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, hefur vitnað: „Öruggt er að Mormónsbók getur haft áhrif á persónuleika ykkar og veitt ykkur kraft og hugrekki til að vera vitni fyrir Guð. Kenning bókarinnar og frækin dæmi hennar munu lyfta okkar, leiða og uppörva. . . . Bænarþrungið nám í Mormónsbók mun þróa trú á Guð föðurinn, hans ástkæra son og fagnaðarerindi hans. Hún mun styrkja trú á spámenn Guðs, nútíma sem fornra. . . . Hún getur fært ykkur nær Guði en nokkur önnur bók. Hún megnar að breyta lífi til hins betra.“⁵ ■

HEIMILDIR


1. Mark E. Petersen, „Evidence of Things Not Seen,“ *Ensign*, maí 1978, 63.
2. *The Teachings of Ezra Taft Benson* (1988), 204.
3. Joseph Smith, í formála Mormónsbókar.
4. Joseph Smith, í formála Mormónsbókar.
5. Henry B. Eyring, „Vitni,“ *Adalráðstefna*, október 2011, 79–80.



VÖXTUR Í
FRJÓSÖMUM JARÐVEGI:
TRÚFAST ÆSKUFÓLK Í

Cindy Smith

ÚGANDA



Degar æskufólkið í Úganda tekur á móti og lifir eftir fagnaðar-erindinu, sér það trú og von glæðast hvarvetna umhverfis þau.

Í miðri Austur-Afríku er hið fallega land, Úganda, blessað með aflíðandi hlíðum sykurreys og bananatrjáms—og með ungu fólki sem er fúst til að taka á móti og lifa eftir fagnaðar-erindi Jesú Krists.

Fyrsta stikan í Úganda var stofnuð árið 2010. Kirkjan fer hratt vaxandi, með mörgum piltum og stúlkum í öllum deildum og greinum.

Setja upp gunnfána, vera fordæmi

Stúlkurnar í einni deildinni voru innblásnar af kenndu systur Elaine S. Dalton, aðalforseta Stúlknafélagsins, um dyggð: „Nú er tíminn fyrir sérhvert okkar að rísa upp og setja upp gunnfána fyrir heiminn sem kallar á endurheimt dyggðar.“¹ Stúlkurnar gengu upp á hæð nokkra með útsýni yfir bæinn þeirra og settu upp gyllta gunnfána, til tákns um heit þeirra um að vera fordæmi um dyggð. Saman sungu þær „Á háum fjallsins hnjúk“ (*Sálmar*, nr. 4).

Þessar stúlkur hafa sett sér persónulega staðla um réttlæti. Hlýðni þeirra hefur styrkt vitnisburð þeirra og haft áhrif á aðra. Systir Dalton sagði: „Vanmetið aldrei þau áhrif sem þið getið haft til réttlætis.“² Líkt og gunnfáninn blaktir, þá veifa þessar stúlkur til alls heimsins.

Líkt og margar stúlkur í Úganda, þá þarf Sandra að ganga um tvo kílómetra í kirkju og hún hjálpar til við að þrifa samkomuhúsið á föstudögum og sækir trúarskólann á laugardögum. Í vikunni vaknar hún kl. 5 að morgni til að lesa skólabækurnar og síðan gengur hún í skólann og kemur heim eftir kl. 6 að kveldi. Hún missti eitt ár úr skóla, vegna fjárhagserfiðleika, en tekst á við erfiðleika sína með jákvæðu viðhorfi: „Fagnaðarerindið hefur sannlega hjálpað mér að vera staðföst og óhagganleg.“

Sandra



Sandra er eini meðlimur kirkjunnar á heimili sínu, en foreldrar hennar styðja kirkjuþjónustu hennar, til að mynda þegar deildin hreinsaði lóð munaðarleysingjahælis á svæðinu. Fjölskylda hennar sér hvernig fagnaðarerindið veitir henni styrk, jafnvel í óleystum vanda. Sandra benti á uppsprettu þess styrks og sagði: „Þegar ég fer í kirkju, finnst mér ég íklæðast alvæpni Guðs“ (sjá Ef 6:11–17).

Susan, sem er nýrri trúskiptingur, elskar kirkjuna. Fjölskylda hennar er frá Suður-Súdan og flúði harðræðið þar og naut þeirrar blessunar að taka á móti trúboðunum í Úganda. Sem flóttamaður, fann hún frið og vernd í fagnaðarerindinu. Á sunnudögum tók hún yngri systkini sín með sér í kirkju, sem og önnur 10 börn sem ekki voru kirkjumeðlimir. Eftir óvænt fráfall í fjölskyldunni, snéri hún aftur til Suður-Súdan, þar sem hún bíður þess að kirkjan verði stofnuð á heimasvæði hennar. Bæði Susan og Sandra glíma við erfiðleika, en þær treysta á Guð og njóta ávaxtanna af því að lifa eftir fagnaðarerindi Jesú Krists (sjá Alma 32:6–8, 43).

Efst: Æskufólkið kemur saman á stíkkvöldvöku.

Að ofan: Susan (fyrir miðju), flóttamaður í Úganda, fann frið í fagnaðarerindinu og fór með systkini sín og önnur börn í kirkju.

Fyrir miðju: Stúlkurnar í þessari deild njóta þess að vinna með Eigin framþróun.

Til hægri: Dennis gaf frá sér stöðu í atvinnufótbolti til að boða fagnaðarerindið. Hann og aðrir piltar í prestasveit hans fórnðu og sigruðust á áskorunum til að geta þjónað í trúboði.

Fórnað til að þjóna í trúboði

Piltarnir í Úganda byrja á unga aldri að leika fótbolta og nota til þess þéttofinn bolta úr greinum. Allt frá því að Dennis var á unga aldri, hefur hann sýnt mikla hæfileika í





Íþróttinni og grunnskóli hans veitti honum skólstyrk til að leika með fótballtaliði þeirra. Eftir að hann lauk grunnskóla, bauð atvinnumannalið honum laun, herbergi og fæði. Þetta var draumur að rætast, en Dennis var



ljóst að þetta myndi líklega stangast á við áætlun hans um að fara í trúboð síðar á árinu.

Dennis þráði innilega að gera það sem faðir hans á himnum óskaði að hann gerði og vildi því ekki takast á við þá freistingu að halda áfram með liðinu þegar að því kæmi að hann hygðist þjóna í trúboði. Margir efuðust um þessa ákvörðun Dennis, en hann var viss um að hún væri rétt—fyrir hann sjálfan og aðra. „Litlu bræður mínir tveir og litla systir mín voru nýlega skírð,“ sagði hann. „Ég hélt að systir mín myndi aldrei læra um fagnaðarerindið. Þegar ég sé Guð gera kraftaverk í fjölskyldu minni, vekur það mér bjartar framtíðarvonir.“

Í deild Dennis læra piltarnir ritið *Boða fagnaðarerindi mitt* í viku hverri. Þeir eru líkt og teymi, starfa

náið með trúboðunum og koma með vini á sunnudagssamkomur og aðrar kirkjuathafnir, þar með talið körfubolta-leiki og fóboltaleiki í vikunni. Prestarnir hafa skírt vini og aðra sem þeir hafa hjálpað trúboðunum að kenna. Í nokkur ár hefur þetta piltateymi eftir alla deildina og fjórir þeirra, þar á meðal Dennis, hafa hlotið köllun til að fara í Nairobi trúboðið í Kenía.

Þeir hafa fylgt leiðsögn öldungs David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni um að „verða trúboðar löngu áður en þeir senda inn trúboðsumsókn sína.“³ Það gerðu þeir með því að starfa saman sem sveit, teymi sem betra var en nokkuð annað.

Allir fjórir trúboðarnir sigruðust á erfiðleikum til að geta þjónað. Wilberforce sagði: „Ég var að því kominn að missa vonina um að geta farið í trúboð [vegna kostnaðarins], en þá las ég Matteus 6:19–20: ‚Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu. . . . Safnið yður heldur fjársjóðum á himni.‘ Mér tókst því, með einurð og kostgæfni, að ná markmiði mínu um að þjóna í trúboði. Ég ann trúboðsþjónustunni. Ekkert er betra en að leita fyrst Guðs ríkis.“

Framtíðarvonir

Æskufólkið í Úganda hjálpar til við að byggja upp ríki Guðs hér, með bjartar framtíðarvonir í huga. Þótt musteri sé ekki í Austur-Afríku, horfir æskufólkið fram til þess tíma að það geti gift sig í fjarlæggu musteri. Stikuverkefni nokkuð lagði áherslu á undirbúning að musterisför og við lok

þess gaf meðlimur í stikuforsætisráðinu vitnisburð sinn: „Guð elskar ykkar. Þið eruð framtíð kirkjunnar í Úganda.“ Þetta réttláta æskufók hefur þegar haft mikil áhrif.

Piltarnir og stúlkurnar í Úganda fórna því sem þessa heims er fyrir varanlegar blessanir. Þau hafa gróðursett sáðkorni trúar og hlú að því af umhyggju (sjá Alma 32:33–37). Líkt og tré þakið ávöxtum (sjá Alma 32:42), miðlar æskufólkið gleði fagnaðarerindisins í þessu frjósama landi. ■ *Cindy Smith bjó í Úganda meðan eiginmaður hennar starfaði þar í landi, en nú búa þau í Utah, í Bandaríkjunum.*

HEIMILDIR

1. Elaine S. Dalton, „Endurheimt dyggðar,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2008, 85.
2. Elaine S. Dalton, *Aðalráðstefna*, okt. 2008, 85.
3. David A. Bednar, „Að verða trúboði,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2005, 49.





Hvað er SANNUR VINUR?

Elaine S. Dalton

aðalforseti Stúlknafélagsins

Skilgreining vinar hefur tekið breytingum í hinum tæknilega samtengda heimi. Í dag gætum við álitid okkur eiga marga „vini.“ Það er satt: Við njótum þess að vera upplýst og vita hvað er að gerast í lífi margra kunningja okkar, sem og núverandi og fyrrverandi vina og jafnvel fólks sem við höfum ekki hitt persónulega, en köllum vini okkar.

Í samhengi félagsmiðla er hugtakið „vinur“ oft notað til að tákna *tengiliði* fremur en *sambönd*. Þið getið sent „vinum“ ykkar skilaboð, en það er

ekki það sama og að eiga persónulegt samband við einstakling.

Stundum leggjum við mesta áherslu á að *eignast* vini. Kannski ættum við að leggja meiri áherslu á að *vera* vinur.

Margar skilgreiningar eru á merkingu þess að vera vinur. Ég gleymi aldrei orðum öldungs Robert D. Hales í Tölfrpostulasveitinni, er hann ræddi um merkingu þess að vera vinur og hin sterku áhrif vina í lífi okkar. Skilgreining hans hefur haft varanleg

áhrif á líf mitt. Hann sagði: „Vinir eru fólk sem auðveldar okkur að lifa eftir fagnaðarerindi Jesú Krists.“¹ Að leita þess besta í fari annarra, er kjarni sannrar vináttu. Það er að hafa annan í fyrirrúmi. Það er að vera algjörlega heiðarlegur, tryggur og hreinlífur í allri hegðun. Hugsanlega er það hugtakið *skuldbinding* sem lýsir raunverulegri merkingu vináttu.

Þegar dóttir mín, Emi, var 15 ára, ákvað hún hvernig vinum hún vildi leita að. Morgunn einn tók ég eftir að Mormónsbókin hennar var opin í Alma 48. Hún hafði undirstrikað versin sem lýstu Moróni höfuðsmanni: „Moróni var sterkur maður og voldugur. Hann var maður með fullkominn skilning. . . . Já, og hann var maður, sem var staðfastur í trú sinni á Krist“ (vers 11, 13). Á spássíuna hafði hún ritað: „Ég ætla að fara á stefnumót með manni eins og Moróni og giftast honum.“ Þegar ég fylgdist með Emi og piltunum sem hún átti í sambandi við og átti síðar stefnumót við þegar hún varð 16 ára, fékk ég séð að hún tileinkaði sér sjálf þessa eiginleika og hjálpaði öðrum að lifa samkvæmt auðkenni sínu sem synir Guðs, prestdæmishafar og feður og leiðtogar síðar meir.



Sannir vinir hafa áhrif á þá sem þeir eiga í sambandi við til að „standa örlítið hærra og verða örlítið betri.“² Þið gerið hjálpað hvert öðru, einkum piltunum, við að stefna að trúboði og þjóna af trúmennsku. Þið getið hjálpað hvert öðru að viðhalda siðferðislegum hreinleika. Réttlát áhrif ykkar og vinátta getur haft eilíft gildi, ekki aðeins á líf þeirra sem þið eigið samband við, heldur líka komandi kynslóðir.

Frelsarinn sagði lærisveina sína vera vini sína. Hann sagði:

„Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður.

„Meiri elsku hefur enginn en þá, að hann leggur líf sitt í sölnurnar fyrir vini sína.

Þér eruð vinir mínir, ef þér gjörði það, sem ég býð yður.

Ég kalla yður ekki framar þjóna, því þjónninn veit ekki, hvað herra hans gjörir. En ég kalla yður *vini*, því ég hef kunngjört yður allt, sem ég heyrði af föður mínum“ (Jóh 15:12–15; skáletrað hér).

Þegar þið lifið eftir og miðlið fagnaðarerindi Jesú Krists, munið þið laða að ykkur fólk sem sækist eftir vinskapa ykkar—ekki aðeins sem tengiliðir á vefsíðum félagsmiðlanna, heldur vinir líkt og frelsarinn lýsti með orðum og sýndi með fordæmi. Þegar þið reynið að vera öðrum vinir og látið ljós ykkar

skína, munu áhrif ykkar blessa líf margra þeirra sem þið eigið samband við. Ég veit að þegar þið leggið ykkur fram við að vera öðrum vinir, í samræmi við skilgreiningu spámannanna og dæmin í ritningunum, verðið þið hamingjusöm og hafið góð áhrif á heiminn og munuð hljóta hið dýrðlega loforð í ritningunum um sanna vinátta: „Og að sama félagslyndi og ríkir meðal okkar hér mun ríkja meðal okkar þar, en þar við bætist eilíf dýrð“ (K&S 130:2). ■

HEIMILDIR

1. Robert D. Hales, „This Is the Way; and There Is None Other Way,“ í *Brigham Young háskóla 1981–82 Speeches* (1982), 67.
2. Gordon B. Hinckley, „The Quest for Excellence,“ *Liahóna*, sept. 1999, 8.

MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR UM VINÁTTU

„Veljið vini sem deila með ykkur sömu gildum, svo þið getið styrkt og hvatt hvert annað til að setja markið hátt.

Verið sjálf góðir vinir, svo þið eignist góða vini. . . .

Þegar þið sækist eftir vinátta við aðra, hviði þá ekki frá stöðlum ykkar.“

Til styrktar æskunni (bæklingur, 2011), 16.

BOÐ mitt til HJÁLPRÆÐIS

Emerson José da Silva

Þegar ég var ungur maður fór ég í marga trússöfnuði og varð ráðvilltur sökum þess að allir kenndu þeir mismunandi túlkanir á ritningunum. Mér leið ekki vel með virðingarleysið sem ég upplifði í sumum þeirra, svo ég gafst upp á því að velja mér kirkju til að fara í.

Nokkrum árum síðar skírdist vinur minn, Cleiton Lima, í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Hann sagði mér ekki frá þessu, jafnvel þótt við værum góðir vinir, en með tímanum fór ég að greina breytingar á honum. Á sunnudögum fór ég yfirleitt heim til hans á morgnana, svo við gætum farið saman í fótbolta, en hann var aldrei heima. Þetta gerðist tvo eða þrjú sunnudaga í röð. Loks greindi Cleiton mér frá því að hann gæti ekki lengur farið í fótbolta



á sunnudögum, því hann vildi heiðra dag Drottins. Ég sagði við hann: „Þessi kirkja er að gera þig æran.“

Cleiton bauð mér síðan að koma með sér í kirkju. Ég afsakaði mig, því ég hafði fengið nóg af trúarbrögðum í bili. Í tíu mánuði reyndi Cleiton að fá trúboða til að kenna mér, en ég afsakaði mig alltaf eða sagðist þurfa að gera eitthvað annað. En hann gafst ekki upp.

Dag einn í júní bauð hann mér að koma með sér á kirkjudansleik. Ég sagði stríðnislega: „Verður frítt að borða og fullt af stelpum?“ Hann jánk-aði því hlægjandi.

Ég verð að viðurkenna að maginn dró mig þangað. Ég fór í kirkju og hafði unun af því. Allir buðu mig velkominn, ég borðaði heilmikið og ég varð áhugasamur um að sækja samkomur. Þegar ég kom í kirkju á

sunnudegi, kynntist ég mörgum og hlustaði á vitnisburði þeirra.

Ég var ekki

kunnugur Mormónsbók, en skynjaði anda Drottins þegar hinir ýmsu meðlimir kirkjunnar vitnuðu: „Ég veit að Mormónsbók er sönn, að þetta er kirkja Jesú Krists og að Joseph Smith var spámaður kallaður af Guði.“ Mér hafði ekki áður liðið jafn vel. Ég vildi þó enn ekki hitta trúboðana, en vitnisburðarsamkoman snerti við mér.

Næstu viku bauð Cleiton mér aftur að koma með sér í kirkju. Ég gat það ekki út af öðrum kvöðum. Ég sá að hann varð dapur þegar ég sagði honum að ég vissi ekki hvort ég kæmist.

Sunnudagsmorguninn vaknaði ég samt með löngun til að fara í kirkju. Ég vaknaði kl. 6:50, sem reyndist mér ekki auðvelt, tók mig til og beið þess að Cleiton kæmi. Hann undraðist að sjá mig klæddan og bíðandi eftir sér. Þennan sunnudag kenndi biskupinn um prestdæmið. Ég skynjaði andann áþreifanlega og fannst að mér bæri að taka á móti kennslu trúboðanna. Þegar dró að lokum Piltafélagsfundarins, var mér ljóst að ég vildi láta skírast.

Þegar kirkjusamkomunum lauk, sagði ég við Cleiton: „Ég vil láta skírast!“

Hann hélt mig vera að spauga. En sagði síðan: „Værirðu til í að hitta trúboðana, ef ég hringdi í þá?“ Ég svaraði því játandi.

Ég naut kennslu frábærra öldunga. Þegar ég lærði boðskapinn um endurreisnina, hlaut ég jafnvel enn öruggari staðfestingu um að mér bæri að láta skírast. En ég vildi sjálfur fá að vita sannleiksgildi Mormónsbókar. Öldungarnir merktu við Moróní 10:3–5 í Mormónsbókinni minni og buðu mér að biðja til Guðs og spyrja hvort hún væri sönn.

Næsta kvöld mundi ég eftir því að ég hafði ekki enn lesið Mormónsbók. Þegar ég hóf lesturinn, skynjaði ég andann afar áþreifanlega. Ég baðst fyrir og áður en ég lauk bæninni, vissi ég að Mormónsbók var sönn. Ég er Guði þakklátur fyrir að hafa svarað bæn minni. Ég var skírður í júlí 2006.

Síðar þjónaði ég sem trúboði í Cuiabá trúboðinu í Brasilíu og Cleiton, vinur minn, þjónaði í Santa Maria trúboðinu í Brasilíu. Við gerum það sem Cleiton gerði fyrir mig: að bjóða fólki að koma til Krists og hjálpa því að taka á móti hinu endurreista fagnaðarerindi, með því að iðka trú á Jesú Krist, iðrast, láta skírast og taka á móti gjöf heilags anda. Þetta er sannlega vegur sálhjálp.

Við ættum ætíð að bjóða vinum okkar og ættmennum að læra um fagnaðarerindi hans, því frelsarinn bauð öllum með því að segja: „Komið til mín“ (Matt 11:28). Ég veit að þetta er kirkja Jesú Krists og nú er tími til að bjóða öllum að koma til hans. ■



TÍU ATRIÐI TIL AÐ KOMAST AÐ ÞVÍ HVORT ÞÚ HAFIR SNÚIST TIL TRÚAR

Tyler Orton

Ég lærði á prestdæmisfundi að einn tilgangur Aronsprest dæmisins væri að hjálpa okkur að „snúast til trúar á fagnaðarerindi Jesú Krists og lifa eftir kenningum hans.“¹ Ég skildi ekki alveg merkingu orðanna að „snúast til trúar á fagnaðarerindi Jesú Krists.“ Ég spurði foreldra mína og eldri systkini hverja þau álitu merkinguna vera og saman ræddum við um margar leiðir til að vita hvort við hefðum snúist til trúar.

Við komum upp með tíu atriði, þótt þau séu líklega fleiri. Þar sem trúarumbreyting er ævilangt ferli, þurfum við ekki að vera fullkomin á öllum þessum sviðum núna, heldur geta þau hjálpað okkur að vita hvort við tökum framförum.

1. Þegar við höfum snúist til trúar, *vitum* við ekki aðeins hvað okkur ber að gera, heldur *þráum* við líka að gera það sem rétt er. Ekki nægir að forðast ranga breytni einungis til að forðast refsingu eða að vera staðin að verki. Þegar við höfum sannlega snúist til trúar, viljum við í raun velja hið rétta.

2. Annað einkenni þess að hafa snúist til trúar, er að við þráum ekki að lengur að breyta ranglega. Antí-Nefí-Lehíarnir eru gott dæmi um það. Þegar þeir höfðu snúist til trúar á fagnaðarerindi Krists, „[gjörðu] þeir sáttmála við Guð um að þjóna honum og halda boðorð hans“ (Mósía 21:31). Líkt og Nefítarnir, sem Benjamín konungur

kenndi, „[hneigðust þeir] ekki lengur til illra verka“ (Mósía 5:2). Þeir snérust sannlega til trúar á fagnaðarerindi Krists og freistingar Satans höfðu ekki lengur áhrif á þá.

3. Þegar við höfum snúist til trúar, hugum við meira að því sem Guði finnst um okkur, heldur en hvað öðrum finnst. Í skólanum mínum í Indónesíu hneigjast nemendur til mikillar drykkju. Stundum getur það verið freistandi að fara út til að skemmta sér, þegar allir gera það og hæðast að manni fyrir að gera það ekki. Bróður mínum var oft boðið á drykkjuskemmtanir, en hann þáði það aldrei—hann stóð fastur á trú sinni.

Það reyndist erfitt og oft var hann einn heima á kvöldin. Þegar nemendur kvöddu hann við útskrift hans, voru nokkrir sem létu hann vita af því hve aðdáunarvert þeim finndist að hann hefði getað staðist þrýsting jafnaldra sinna og verið trúfastur stöðlum sínum. Þau sögðu hann meiri mann í sínum augum sökum þess. Hann sýndi að hann hafði snúist til trúar með því að standast þrýsting jafnaldra sinna.

4. Þegar við höfum snúist til trúar, reynum við okkar besta til að lifa ætíð eftir fagnaðarerindinu—ekki aðeins á sunnudögum eða þegar auðvelt reynist, heldur ævinlega. Breytni okkar er ekki háð félagsskapnum sem

við erum í og fer ekki eftir því hver horfir á okkur. Þegar jafnaldrar okkar segja grófa brandara eða vilja horfa á ósiðsama mynd, látum við ekki til leiðast, aðeins vegna þess að enginn er að fylgjast með okkur; við stöndum öllu heldur fast á því sem við trúum.

5. Þegar við höfum snúist til trúar, erum við ljúfari og samúðarfullri í samskiptum okkar við aðra. Við dæmum ekki eða gagnrýnum eða slúðrum. Við erum meðvitaðri um tilfinningar annarra og okkur verður eðlislægt að leita leiða til að þjóna og hjálpa. Ef við erum á gangi í söllum skólans okkar, og einhver missir bækurnar sínar, þurfum við ekki að hugsa




5.



ÖRUGG LEIÐ TIL HAMINGJU

„Drottinn vill að meðlimir kirkju hans hafi að fullu snúist til fagnaðarerindis hans. Það er eina örugga leiðin til að öðlast andlegt öryggi nú og hamingju að eilífu.“

Öldungur Donald L. Hallstrom í forsætisráði hinna Sjötíu, „Snúast til trúar á fagnaðarerindið fyrir tilverknað kirkju hans,“ *Aðalráðstefna*, apr, 2012, 15.



6.



2.

Lamanítarnir sem höfðu snúist til trúar, grófu vopn sín, til að sýna að þeir yrðu trúfastir sáttmála sínum um að lifa eftir fagnaðarerindinu (sjá Alma 24).



okkur tvisvar um viðbrögð okkar. Okkur verður ósjálfrátt að stöðva og hjálpa.

6. Þegar við höfum snúist til trúar, verður þrá okkar sterkari til að biðjast fyrir og okkur finnst við raunverulega ræða við Guð í bænum okkar. Við munum ætíð gefa okkur tíma til að biðjast fyrir, hvernig sem okkur líður eða vegnar í lífinu. Ezra Taft Benson forseti (1899–1994) sagði okkur: „Ef okkur finnst við ekki geta beðist fyrir, ættum við að biðja þar til okkur langar til að biðja.“²

7. Þegar við höfum snúist til trúar, því hann er hvíldardagur. Þegar sunnudagur rennur upp hugsum við ekki:



„Ó nei, nú get ég ekki hangið úti með vinum mínum eða farið í bíó!“ Við hugsum heldur: „Gott, nú get ég farið í kirkju og hugsað um hið andlega og varið tíma með fjölskyldu minni!“

8. Þegar við höfum snúist til trúar, höldum við boðorðin og við reynum ekki að finna afsaknir, réttlæta hegðun okkar eða finna grá svæði. Við látum ekki reyna á þolmörkin; við höldum einfaldlega boðorðin, því við vitum að það er betri leiðin.

9. Þegar við höfum snúist til trúar, er það okkur ánægjuefni að greiða tíund okkar. Okkur finnst það forréttindi og að tíu prósent sé ekki það mikið, einkum í samanburði við blessanirnar og ánægjuna sem við

hljótum. Þær blessanir eru langtum dýrmætari en peningarnir sem við greiddum.

10. Þegar við höfum snúist til trúar, eykst þrá okkar til að hjálpa öðrum að þekkja sannleikann og finna hamingjuna sem við höfum fundið. Gott dæmi úr ritningunum er draumur Lehís, þar sem hann hafði sterka þrá til að deila hinum ljúffenga ávexti af tréi lífsins með fjölskyldu sinni. Þegar hann neytti af ávextinum, kom fyrst upp í huga hans að neyta hans ekki frekar sjálfur, heldur að líta til fjölskyldu sinnar, svo þau mættu meðtaka af ávextinum og upplifa sömu gleði (sjá 1 Ne 8:12).

Við vitum, til samantektar, að við höfum snúist til trúar Þegar við förum að lifa eftir æðra lögmálinu, fagnaðarerindi Jesú Krists. Við lifum eftir anda lögmálsins, sem og bókstafi lögmálsins. Við lifum eftir fagnaðarerindinu á öllum sviðum lífsins. Við lifum algjörlega eftir fagnaðarerindinu, ekki vegna þess að við verðum að gera það, heldur vegna þess að við viljum gera það. Við erum hamingjusamari og vinsamlegri og við viljum verða sú manneskja sem himneskur faðir vill að við verðum. Við viljum líkjast Jesú Kristi og fylgja fordæmi hans. Þegar við verðum slík manneskja, höfum við sannlega snúist til trúar. ■

Tyler Orton býr í Java, Indónesíu.

HEIMILDIR

1. *Handbook 2: Administering the Church* (2010), 8.1.3.
2. Ezra Taft Benson, „Pray Always,“ *Liahóna*, júní 1990, 4.

ERFIÐIÐ ER VEL ÞESS VIRÐI

Ef þið haldið áfram að reyna, munuð þið undrast
yfir hve miklu þið fáið afrekað.

(sjá *Til styrktar æskunni* [bæklingur, 2011], 40–41.)



Deny amma og litli

trúboðinn

hennar

Emília Maria Guimarães Correa

„Þegar maðurinn talar með krafti heilags anda, kemur kraftur heilags anda því til skila í hjörtum manna barna“ (2 Ne 33:1).

Vítor bjó hjá móður sinni og systur á heimili Deny ömmu. Amma Vítors veiktist og varð rúmliggjandi í margar vikur. Henni leiddist að vera ein í herberginu sínu.

Vítor einsetti sér að verða Deny ömmu félagskapur. Á hverjum degi, þegar hann kom heim úr skólanum, fór hann með eintak af *Líahóna* inn í herbergi ömmu sinnar og las fyrir hana sögurnar af barnasíðunum.

Þegar hann hafði lesið öll *Líahóna* tímaritin sem fjölskyldan átti, tók hann að lesa Mormónsbók og Biblíuna fyrir hana. Deny amma var ekki meðlimur kirkjunnar, en hún naut þess að hlusta á Vítor lesa. Hún hafði unun af því að læra um fagnaðarerindið.

Amma spurði margra spurninga. Ef Vítor vissi ekki svarið, spurði hann Barnafélagskennara sinn eða

leitaði svarið uppi í ritningunum. Amma kallaði Vítor litla trúboðann sinn.

Deny amma sagði Vítor að hún hefði lært heilmargt af honum. Hún lofaði að fara í kirkju með honum, þegar henni batnaði. Það sem hún lærði vakti hjá henni löngun til að ná heilsu og læra meira um fagnaðarerindið.

Þegar amma komst til heilsunnar, stóð hún við orð sín. Hún fór í kirkju með Vítor, til að læra meira um það sem hann hafði kennt henni. Þess var ekki langt að bíða að amma var skírð og staðfest. Vítor hafði hjálpað henni að vita að fagnaðarerindið er sannleikur.

Þegar Vítor óx úr grasi, varð hann trúboði og fór í Boston trúboðið í Massachusetts. Áður en hann hélt af stað, fór hann í musteríð—með Deny ömmu. ■

Emília Maria Guimarães Correa býr í Federal District, Brasilíu.



SÉRSTAKT VITNI



Öldungur M. Russell Ballard
í Tölpóstulasveitinni

*Meðlimir Tölpóstulasveitarinnar
eru sérstök vitni Jesú Krists.*

Hvers vegna er nafn kirkjunnar svona langt?

Jesús Kristur sjálfur sagði hvert nafn kirkjunnar ætti að vera (sjá Kenningar og sáttmálar 115:4).

Orðin *kirkja Jesú Krists* vísa til þess að þetta er hans kirkja.

Hinna síðari daga tilgreinir að þetta sé sama kirkjan og sú kirkja

sem Jesús Kristur stofnaði er hann dvaldi hér á jörðinni, en endurreisti á þessum síðari dögum.

Heilögu merkir að við fylgjum honum og reynum að fara að vilja hans.

Meðlimir okkar hafa verið nefndir *Mormónar*, því við trúum á Mormónsbók, en okkur ber að nota rétt nafn kirkjunnar, alltaf þegar það er mögulegt. ■

Úr „Mikilvægi nafns,“ Aðalráðstefna, okt. 2011, 93–97.



Darcie Jensen

Þegar lokið var við byggingu Salt Lake musterisins árið 1893, fögnuðu hinir Síðari daga heilögu. Þeir höfðu verið 40 ára að byggjausterið. Þar sem börnin höfðu gefið fé til byggingarinnar, ákvað Wilford Woodruff forseti að hafa fimm sérstakar vígsluathafnir fyrir börnin.

Í dag er musterí að finna um allan heim og börnin hjálpa enn til við hátíðarhöld tileinkuð fullbyggðum musterum. Sjáið hvernig börnin hafa tekið þátt, nú og áður. ■

Darcie Jensen býr í Kaliforníu, Bandaríkjunum.

Yfir 12.000 börn komu á vígslu Salt Lake musterisins. Þessi börn frá Sugar House deildinni komu með lest.



Þessi aðgangsmiði var fyrir börn upp að 16 ára aldri, til að fara á sérstaka vígsluathafnir Salt Lake musterisins. Postular og meðlimir Æðsta forsætisráðsins töluðu til barnanna í musterinu.



Stundum eru musterí endurvígð eftir að þau hafa verið gerð upp. Börn í Barnafélaginu sungu og héldu á ljósum á hátíðarsýningu endurvígslu Anchorage musterisins í Alaska.



Í hverri viku, á byggingartíma Gilbert musterisins í Arisóna, hafa börnin í Barnafélagi Gilbert Highland stikunnar í Arisóna, einsett sér að þjóna einhverjum í deildum sínum.

Musteris- hátíðahöld!



Þegar San Diego musteríð í Kaliforníu var byggt, bjuggu börnin í Barnafélagi í Mexíkó, til litskrúðuga ábreiðu fyrir musteríð. Aðalvaldhafar stóðu á ábreiðinu meðan á hornsteinsathöfn vígslunnar stóð.



Börn í Barnafélaginu í Manitoba, Kanada, óku í þrjár klukkustundir til Regina Saskatchewan musterisins til að snerta veggi þess og setja sér það markmið að fara einhvern tíma þangað inn.

Börn Barnafélagsins buðu gesti velkomna á opið hús í Kyiv musterinu í Úkraínu með því að syngja „Musterið.“



Yfir 800 börn í Barnafélaginu í Vestur-Afríku sungu „Guðs barnið eitt ég er,“ á menningarviðburði áður en Accra musteríð í Ghana var vígt.



Börn Barnafélagsins sungu fyrir Gordon B. Hinckley forseta þegar hann kom til að vígja Aba musteríð í Nígeríu.



Hvert mesti hefur hornstein sem sýnir vígsluár þess. Við vígsluna innsigla aðalvaldhafar hornsteininn með múrhúð. Isaac B., 9 ára, aðstoðað við að múrhúða hornstein Kansas City musterisins í Missouri.

Spurningar og svör um musterið

Hvers vegna höfum við musteri?

Musteri Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru helgar byggingar, þar sem við lærum eilífan sannleika og tökum þátt í helgiathöfnum.

Hvernig er musterið að innanverðu?

Musterið er friðsæll, lotningarfullur og fallegur staður. Allt í musterinu er hreint og snyrtilegt. Allir eru hvítklæddir og tala hljóðlega.

Hvað er gert í musterum?

Eiginkona getur innsiglast eiginmanni sínum og börn geta innsiglast foreldrum sínum. Innsigluð gerir fjölskyldum kleift að vera


saman að eilífu. Í musterinu hljóta karlar og konur gjöf andlegra blessana sem nefnist musteringjöf. Þau geta líka hlotið musteringjöf og verið innsigluð þeim sem látist hafa án þess að hafa gert musteringssáttmála.

Hvað annað er gert í musterum?

Auk innsigluð og musteringgjafar, eru fleiri helgiathafnir gerðar í musterum. Fólk getur verið skírt og staðfest fyrir þá sem ekki gátu gengið í kirkjuna meðan þeir lifðu. Þegar við náum 12 ára aldri og erum verðug þess að fara í musterið, er hægt að skíra og staðfesta okkur í þágu þeirra sem dáíð hafa án fagnaðarerindisins.

Hvað ef fjölskylda mín hefur ekki farið í musterið?

Himneskur faðir þekkir og elskar okkur og fjölskyldu okkar. Hann vill að allir hljóti blessanir helgiathafna musteringisins. Verið verðug þess að fara í musterið. Setjið ykkur markmið nú um að hljóta musteringjöf ykkar og giftast í musterinu þegar að því kemur. Himneskur faðir mun blessa ykkur og fjölskyldu ykkar. ■



„Ungu vinir mínir . . . , hafið musteringið ávallt í huga ykkar. Gerið ekkert sem mun koma í veg fyrir að þið fáið gengið inn um dyr þess og meðtekið þar hinar helgu og eilífu blessanir.“

Thomas S. Monson forseti, „Hið helga musteri—Leiðarljós fyrir heiminn,“ Aðalráðstefna, apr. 2011, 97.

Fjölskyldur geta átt eilífð saman

(Einfaldaður)

Texti: Ruth Muir Gardner

Lag: Vanja Y. Watkins

Létt ♩ = 80-96

1. Fjöl-skyld-u mín - a hér á jörð ég hjart - a - kær - a á.
2. Því vil ég líf mitt vand - a vel með-an verð ég ung - ur, smár,

Henn - i ég vil um all - a, all - a ei - lífð dvelj - a hjá.
must - er - is-vígslu' að vígj - ast meg - i, vígslu' um ei - líf ár.

Viðlag

Fjöl-skyld-ur get - a víst ver-ið sam - an, vax - inn, og lík - a smár. Með

fjöl-skyld-unn-i minn - i vil ég ver - a, já, ver - a ei - líf ár. Það

sýnt mér hef - ur Drott - inn hár.

Lag og texti © 1980 IRI. Útsetn. © 2012 IRI. Allur réttur áskilinn.
Þennan sálm má afrita til nota heima og í kirkju, en ekki í hagnaðarskyni.

Jesús Kristur endurreisti kirkju sína á síðari dögum



Þið getið notað lexiuna og verkefnið sem hér eru til að læra meira um þema Barnafélagsins þennan mánuðinn.

Imyndið ykkur að þið séuð í fjársjóðsleit. Hvar mynduð þið leita að fjársjóðinum? Hvernig mynduð þið finna hann? Væri fjársjóðskistu þar að finna? Hvað væri í henni?

Í sumum fjársjóðskistum eru fallegir gimsteinar og dýrmætir smápeningar. Sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, eigum við fjársjóð sem er jafnvel enn dýrmætari: Fagnaðarerindi Jesú Krists.

Margir þekkja ekki þann fjársjóð, svo ábyrgð okkar er að miðla honum eins mörgum og mögulegt er.

Eftir dauða Jesú og postula hans, glötuðust eða breyttust sumar kenningar og helgiathafnir fagnaðarerindisins, þar með talið skírnin, prestdæmisvaldið,

musterin, lifandi spámenn og sakramentið.

Allur sá fjársjóður fagnaðarerindisins var endurreistur fyrir atbeina spámannsins Josephs Smith. Himneskur faðir og Jesús Kristur birtust Joseph Smith í Lundinum helga, eftir að hann hafði beðist fyrir um að þekkja sannleikann.

Síðar fékk Joseph gulltöflurnar í hendur og þýddi þær sem Mormónsbók. Mormónsbók geymir kenningar sem við metum sem gersemar, því í henni er eitt sinn glataður sannleikur útskýrður. Við hljótum margar blessanir, því við höfum þennan sannleika fagnaðarerindisins.

Hve dýrmætur fjársjóður! ■

RITNINGAR OG SÖNGUR

- Kenning og sáttmálar 35:17
- „Lundurinn helgi,” *Liahóna*, 2001 (eða annar söngur um endurreisn fagnaðarerindisins)

RÆÐUMST VIÐ

Segið frá því hvernig fjársjóður fagnaðarerindis Jesú Krists blessar ykkur og fjölskyldu ykkar.

BÚIÐ TIL FJÁRSJÓÐSKISTU

Klippið út og brjótið saman þessa fjársjóðskistu og farið eftir skýringarmyndinni að neðan. Klippið út smápeningana sem tákna sumar gersemarnar sem fagnaðarerindið gefur ykkur og látið þá í kistuna. Skoðið oft gersemarnar í kistunni, til að minna ykkur á blessanir fagnaðarerindisins.



Þar sem kirkjan var stofnuð



Jan Pinborough

Kirkjutimaritin

Komið í leiðangur með okkur til að skoða mikilvæga sögustaði kirkjunnar!

Ef Maggie og Lily E. vilja komast að því hvar kirkjan var stofnuð, þurfa þær ekki að fara langt. Hún var stofnuð rétt við hlið kapellunnar í Fayette, New York, þar sem þær sækja kirkju hvern sunnudag!

Kirkjan var ekki stofnuð í kirkjubyggingu, heldur í bjálkakofa.

Spámaðurinn Joseph Smith hafði komið til að dvelja þar með Whitmer fjölskyldunni árið 1829. Upprunalega húsið er þar ekki lengur, en þessi bjálkakofi er á sama stað.

Kirkjubyggingin sem Maggie og Lily fara í, hefur gestamiðstöð með sýningarbás um heimili Whitmers og þá einstöku viðburði sem þar gerðust. ■




1. Joseph Smith lauk þar þýðingu *Mormónsbókar*.





2. Þrjú menn sáu engilinn Moróni og gulltöflurnar ekki all fjarri húsinu. Þeir eru nefndir vitnin þrjú, því þeir urðu vitni að töflunum eða sáu þær. Þið getið lesið vitnisburð þeirra fremst í Mormónsbók.



3. Hinn 6. apríl 1830 komu um 60 manns saman á sérstakri samkomu. Joseph Smith stofnaði kirkjuna formlega og sakramentið var blessað og því útteilt. Þetta var fyrsta sakramentissamkoman!

SKÍRNIR FYRR OG NÚ

Maggie, 11 ára, og Lily, 9 ára, voru skírðar í fontu nærri þeim stað þar sem fyrstu meðlimir kirkjunnar voru skírðir.

Báðar stúlkurnar hlökkuðu til að láta skírast. Þegar að því kom að Lily skírðist, fór hún í viðtal til biskupsins síns. „Hann spurði hvort ég ætti vitnisburð um spámanninn og greiddi tíund,“ sagði Lily.

Báðar stúlkurnar eiga góðar minningar um skírnardaginn sinn. „Þegar ég steig upp úr vatninu, fannst mér eins og mér væru allir vegir færir,“ sagði Maggie.


Báðar stúlkurnar fengu dagbók, svo þær gætu skráð tilfinningar sínar um sinn sérstaka dag.



4. Þegar samkoman var yfirstaðin, skírðust foreldrar Josephs Smith þar fyrir utan, ásamt fleira fólki.

Max og Mia bjarga deginum

Chris Deaver, Texas, Bandaríkjunum

A watercolor illustration of two children, Max and Mia, playing with a dollhouse. Max, a boy with blonde hair, is wearing a red shirt, blue pants, and a green cape. He is standing and looking towards Mia. Mia, a girl with brown hair in pigtails, is wearing a striped shirt and pink pants. She is kneeling on the floor, holding a small blue doll. In front of her is a purple dollhouse with a chimney. On the floor are a yellow ball, a small orange dog, and a brown horse. The background is a light blue wash.

Max var reiðubúinn til að leika ofurhetju. Hann fór í rauða bolinn sinn. Hann setti á sig ofurhetjuskykkjuna. Hann fór síðan inn í herbergi litlu systur sinnar.

„Komdu, Mia,“ sagði Max. „Við skulum bjarga deginum!“



Max og Mia fóru inni í stofuna. Þau sáu körfu fulla af fötum.

„Getið þið hjálpað mér?“ spurði mamma.

„Allt í lagi,“ sagði Max. „Eftir það getum við bjargað deginum.“



Max og Mia hjálpuðu mömmu að brjóta saman fötin og koma þeim fyrir.

Max kom síðan auga á rusl á gólfinu. „Við skulum taka upp allt ruslið,“ sagði Max. „Eftir það getum við bjargað deginum.“



Max og Mia hlupu um húsið. Þau tóku upp allt ruslið sem þau fundu.

Þau sáu mömmu sópa eldhúsgólfíð. „Við getum hjálpað þér,“ sagði Max.

Mia hélt á fægiskóflunni meðan Max sópaði gólfíð.



„Nú skulum við bjarga deginum,“ sagði Max.

Mamma leit umhverfis sig á hreint heimilið. Hún faðmaði síðan Max og Miu að sér. „Ég held að þið hafið þegar gert það!“ ■



JESÚS GENGUR Á VATNINU

„Þegar lærisveinarnir sáu hann ganga á vatninu, varð þeim bilt við. Þeir sögðu: „Þetta er vofa,“ og æptu af hræðslu.

En Jesús mælti jafnskjótt til þeirra: „Verið hughraustir, það er ég. Verið óhræddir.“ (Matt 14:26–27).

KIRKJUTÍÐINDI

Heimsækið news.lds.org til að sjá fleiri kirkjutíðindi og viðburði.

Alheimspjálfunarfundur leiðtoga — ný nálgun



Öldungur L. Tom Perry, öldungur Donald L. Hallstrom og Dean M. Davies biskup, leiða umræður um mikilvægi þess að nota prestdæmislyklana.

Á komandi mánuðum munu kirkjuþegnar um allan heim taka þátt í nýrri, innblásinni nálgun á Alheimspjálfunarfundum leiðtoga.

Ólíkt fyrri þjálfunarfundum, þá mun Alheimspjálfunarfundur leiðtoga ekki vera sendur út sem stök útsending fyrir deildar- og stikuleiðtoga. Í staðinn þá er þjálfuninni skipt niður í níu stutta þætti — á mynddiski og áLDS.org — sem hvetja til umræðu á meðal allra leiðtoga, kirkjuþegna, og fjölskyldna yfir allt árið og lengur.

Í þjálfuninni verður lögð áhersla á að „Styrkja fjölskylduna og kirkjuna með prestdæminu.“ Í þessari þjálfun munu meðlimir Æðsta forsætisráðsins og Tólfpostulasveitarinnar, ásamt öðrum aðalvaldhöfum kirkjunnar veita innblásnar leiðbeiningar um:

- Hvernig fjölskyldur geta fundið styrk og frið í gegnum kraft prestdæmisins.
- Hvernig hægt er að hjálpa hverri fjölskyldu að njóta blessana prestdæmisins.
- Hvernig þeir sem hafa lykla prestdæmisins geta styrkt heimilin og fjölskyldurnar.
- Hvernig best er að þjóna á kristilegan máta.
- Uppeldi barna í ljósi og sannleika.

Allar kirkjueiningar munu fá eintök af mynddisknum, og krafist er af deildar- og stikuráðum að þau skoði efnið í heild. Þau ættu þá að ræða saman um það hvernig hægt er að sjá til þess að meðlimir deilda og stikna hafi sem mestan ávinning af efninu.

Kirkjuþegnar geta horft á mynddiskinn á fundum og í bekkjum og rætt hvern þátt fyrir sig. Fjölskyldur og einstaklingar geta kynnt sér þættina, ásamt aukaefni á www.lds.org til að gera nám þeirra áhrifameira.

Áhrifamesti hluti þjálfunarinnar verður eftir að þátturinn er búinn og umræðurnar hefjast, sama í hvaða umhverfi það fer fram. Þegar leiðtogar, kirkjuþegnar og fjölskyldur íhuga, deila hugsunum sínum og bera vitni um það sem þeir hafa heyrt og skynjað þá mun heilagur andi blása þeim í brjóst og kenna þeim hvernig hægt er að heimfæra þessar leiðbeiningar yfir á þeirra eigin aðstæður. Þessi Alheimspjálfunarfundur leiðtoga mun, með þessari upplifun, aðstoða við að styrkja fjölskyldur og kirkjuna um allan heim. ■

Þar sem þau standa fyrir utan hús Mary Fielding Smith í This is the Place Heritage garðinum þá ræða öldungur M. Russell Ballard, Linda K. Burton, öldungur Ronald A. Rasband, Elaine S. Dalton, Rosemary M. Wixom og Gary E. Stevenson biskup, um blessanir þess að hafa prestdæmið á hverju heimili.



VIÐBRÖGD VIÐ KALLINU EFTIR FLEIRI TRÚBOÐUM:

Ala á hugarfari trúboðs, heima og í kirkju

Eftir Heather Whittle Wrigley

Kirkjutíðindi og viðburðir

Victor Nogales, biskup í Parque Chacabuco deildinni í Buenos Aires Argentínu Congreso stikunni, situr fyrir framan tilkynningatöflu sem er yfirfull af myndum 37 ungra manna og kvenna úr deildinni hans. Þegar eitthvert þeirra fer á trúboð þá setur hann miða hjá myndinni.

„Unga fólkíð mitt verður mjög spennt þegar það kemur inn á skrifstofu til mín og sér þessar myndir og miðana,“ segir hann. „Það hvetur þau til að undirbúa sig fyrir sitt eigið trúboð.“

Þessi deild í Buenos Aires er gott fordæmi um anda trúboðsstarfs. Fyrstu sex mánuði ársins 2012 þá fóru 19 ungmenni, — 14 þeirra trúskiptingar, — frá heimilum sínum til að þjóna í fastatrúboði í átta mismunandi löndum. Meira en 80 prósent af verðugum ungmönnum hafa skuldbundið sig til að þjóna í trúboði.

Undanfarin ár þá hafa kirkjuleiðtogar gert nokkrar tilraunir til að hvetja fleiri ungmenni til að þjóna í trúboði.

Á aðalráðstefnunni í apríl 2005, stuttu eftir að kirkjan gaf út *Boða fagnaðarerindi mitt: Leiðarvísir að trúboðsþjónustu*, þá ráðlagði öldungur M. Russell Ballard úr

Tólfpostulasveitinni, fjölskyldum og leiðtogum að ala á trúboðsandanum og að undirbúa fleiri unga menn og konur til að þjóna á heiðvirdan hátt með því að hjálpa þeim að skilja hver þau væru, og með því að kenna þeim sanna kenningu (Sjá „One More,“ *Liahona*, maí 2005, 69).

Thomas S. Monson forseti tilkynnti, á aðalráðstefnunni í október 2012, að aldur trúboða yrði lækkadur og það þjónaði sem ítrekuð áminning um að Drottinn er að hraða starfi sínu.

Margar fjölskyldur og kirkjuleiðtogar taka þessum skilaboðum alvarlega í dag og eru að koma á fót sterkum hefðum trúboðsþjónustu á sínum svæðum.

Aðstoða ungdóminn við að skilja hver þau eru

Til að svara spurningunni: „Hvernig hefur þú búið svona mikið af æskufólki þínu undir að vilja þjóna?“ Þá svarar Nogales biskup, „Þegar ég var kallaður sem biskup, þá hugsaði ég fyrst um unga fólkíð í deildinni minni og ég gerði öðrum leiðtogum deildarinnar grein fyrir því að við yrðum að verða hluti af lífi þeirra.“

Til að mynda þá höfðu allir

trúboðarnir frá Chacabuco verið með kallanir í deildinni áður en þeir fóru í trúboð. Nýjum trúskiptingum eða lítt virkum kirkjuþegnum var boðið að þjóna sem kennarar, sem hjálpaði þeim að undirbúa sig undir að kenna fagnaðarerindið.

Nogales biskup gerði ráðstafanir fyrir unga fólkíð að undirbúa sig andlega fyrir trúboð með því að vinna með fastatrúboðunum á svæðinu.

Kirkjuleiðtogar og kirkjuþegnar á svæðinu skuldbundu sig unga fólkinu í deildinni, þau hafa séð laun erfiðis síns með því að sjá trúboðsandan vaxa gífurlega.

Trúboðsþenkjandi fjölskylda

Garth og Eloise Andrus frá Draper, Utah, USA, vita hvað það þýðir að vera trúboðsþenkjandi fjölskylda. Þau eiga 17 barnabörn sem hafa þjónað í trúboði og sjálf hafa þau þjónað í sex trúboðum.

Að ala á trúboðsandanum í fjölskyldunni er nokkuð sem byrjar þegar börnin eru ung, sagði bróðir Andrus.

Systir Andrus er sammála. „Þú lætur trúboðsþjónustu ekki vera hljóða væntingu, heldur talarðu við börnin þín og barnabörn um það eins og að það sé ekki spurning, — þegar þú ferð í trúboðið þitt, ekki *ef*,“ sagði hún.

Það er líka mikilvægt að kenna ungdómnum hver þau eru með því að setja fordæmi með trúboðsþjónustu. Bróðir og systir Andrus tóku á móti fyrstu köllun sinni árið 1980, á sama tíma og yngsti sonur þeirra var að fara í trúboð.



Victor Nogales biskup stendur við tilkynningartöfluna sem sýnir allt unga fólkið í deildinni hans, þar með talda þá sem eru nú að þjóna í trúboði.

Eitt barnabarn þeirra skrifaði þeim eftir að hann fékk gjöf frá þeim, til að hjálpa honum að undirbúa sig fyrir sitt trúboð. „Hann þakkaði okkur [fyrir gjöfina], en sagði, enn mikilvægara er að þakka ykkur fyrir það fordæmi sem þið hafi verið,“ sagði systir Andrus.

Kenna sanna kenningu

„Unglingarnir okkar eiga rétt á að vænta þess að foreldrar þeirra, kirkjuleiðtogar og kennarar sjái til þess að þeir þekki og skilji fagnaðarerindi Jesú Krists,“ sagði öldungur Ballard. „Heilagur andi mun staðfesta sannleikann í hjarta þeirra og tendra ljós Krists í sálum þeirra. Þá munuð þið hafa *einn í viðbót*, að fullu undirbúinn trúboða“ (M. Russell Ballard, „One More,“ 71).

Um 9,600 km fjarlægð frá Buenos Aires, eða í sveitagreininni í Horseshoe Bend, nálægt Boise, Idaho í Bandaríkunum, hefur einnig orðið stórkostleg aukning í trúboðsþjónustu er fjölskyldur og leiðtogar hafa eftir áttak við að kenna æskufólkinu fagnaðarerindið.

Frá lítilli 75 manna grein þá eru nú ungmenni að þjóna í trúboði.

Öldungur Russell M. Nelson, í Tólfpostulasveitinni lagði áherslu á ástæður og ávinning þess að þjóna. „Allir trúboðar . . . þjóna með þá einu von að gera lífið betra fyrir aðra,“ sagði hann. „Ákvörðunin að þjóna í trúboði mun móta andleg örlög trúboðans, maka hans eða hennar og afkomendur þeirra í margar kynslóðir. Þráin að þjóna

er eðlileg niðurstaða trúskipta, verðleika og undirbúnings“ („Spyrjið trúboðana! Þeir geta hjálpað ykkur!“ *Aðalráðstefna*, okt. 2012, 23).

Martin Walker, forseti Emmet stíksunar í Idaho, er sammála. „Að þjóna í trúboði leiðir unga manneskju á slóð sem mun hafa áhrif á komandi kynslóðir,“ sagði hann. „Sem stíka þá gerum við allt sem við getum til að undirbúa unga fólkið fyrir trúboðsþjónustu.“

Hluti undirbúningsins er að kenna ungdómnum sanna kenningu. Ungu fólkið í Horseshoe Bend greininni hefur aðgang að vikulegum trúboðsundirbúningsbekk, sem er kenndur af fyrrverandi trúboðsforseta, — þjálfun sem er viðbót við þá trúboðsþjálfun sem stíkan býður upp á mánaðarlega fyrir ungdóminn og Aronsprestæmið stendur fyrir árlega í sumarþjófum sínum.

LaRene Adam — ein af sex börnum bróður og systur Andrus — þjónaði með eiginmanni sínum, Jim, í Kaupmannahafnar, Danmerkur trúboðinu frá 2007-2009. Hún bar vitni um mikilvægi þess að kenna börnum fagnaðarerindið heima fyrir.

„Eitt af því stórkostlegasta sem þú getur gert til að hjálpa börnum þínum að öðrast vitnisburð um trúboðsstarf er að hafa fjölskyldukvöld og fjölskylduritningarlestur,“ sagði hún. „Ef þú gefur þeim þennan sterka grunn lærdóms og þekkingar á fagnaðarerindinu, þá eru þau svo mikið betur undirbúin og vita svo mikið meira um fagnaðarerindið.“ ■

Ungir kirkju-þjónustu trúboðar finna gleði í þjónustu

Eftir Carolyn Carter

Kirkjutíðindi og viðburðir

Öldungur Ernesto Sarabia gekk með svart trúboðmerki allt trúboð sitt. Trúboðsverkefni hans var einstakt og öðruvísi en margra annara — öldungur Sarabia þjónaði sem ungur kirkju-þjónustu trúboði (UKPT) á trúboðsskrifstofu Hermosillo trúboðsins í Mexíkó.

Öldungur M. Russell Ballard, úr Tölpóstulasveitinni hefur sagt: „Að lokum viðurkennum við, að vera má að ekki sé viturlægt fyrir suma af piltum okkar eða stúlkum

að mæta erfiðleikum og áskorunum fastatrúboðs.“ Hann sagði einnig að þetta þýddi ekki að þau gætu ekki tekið þátt í og þegið blessanir trúboðsþjónustu (“One More,” *Liahona*, maí 2005, 69).

Öldungur Russell M. Nelson, úr Tölpóstulasveitinni sagði:

„Trúboð er þjónustustarf gagnvart Guði og mannkyninu sem unnið er af frjálsum vilja.“ („Spyrjið Trúboðana! Þeir geta hjálpað ykkur!“ *Aðalráðstefna*, okt. 2012, 23), og það er hægt að inna þá þjónustu af hendi á margan hátt.

Fyrir þá sem ekki geta þjónað sem trúarkennarar í fastatrúboði eða fyrir þá sem þurfa að snúa heim fyrir en áætlað er, þá getur UKPT starfið boðið upp á þýðingarmiklar trúboðsupplifanir.

Skilyrði þess að þjóna

UKPT trúboði verður að vera líkamlega, andlega, trúarlega og tilfinningalega hæfur til þess að sinna skyldum sínum, sem eru sérstaklega valdar fyrir hann.

UKPT verkefni geta varað frá 6 til 24 mánuðum og geta verið á bilinu tveir dagar í viku allt í að vera fullt starf. Það eru tækifæri til þess að þjóna úti í samfélaginu jafnt sem og heiman frá. Möguleg UKPT verkefni geta verið ættfræðistörf, tölvuvinnsla, aðstoðarstörf á skrifstofu trúboðsins, störf í matarbanka kirkjunnar og fleira í þeim dúr.

Stuðningur fjölskyldu og prestdæmisins

Foreldrar, prestdæmisleiðtogar, og kirkjuþegnar geta hjálpað mögulegum umsækjendum í UKPT verkefni að búa sig undir að þjóna í trúboði.

Fjölskylda systur Elizu Joy Young hefur veitt henni mikinn styrk, ekið henni til og frá skrifstofum kirkjunnar í Sydney, Ástralíu.

Öldungur Michael Hillam, sem starfar í dreifingarmiðstöð kirkjunnar í Hong Kong, sagði: „Kennarar mínir í trúarskólanum á morgnana og leiðtogar mínir í Piltafélaginu hjálpuðu mér við undirbúninginn.“

Förn færir gleði og blessun

Systir Young fórnaði frídögum sínum frá hlutastarfi sínu til að þjóna í kirkjuþjónustu trúboði. Hún sagði: „Mér finnst ég vera nærri himneskum föður, vitandi að ég er að aðstoða hann.“

Fyrir utan trúarlegar blessanir þá veitir kirkjuþjónustu trúboð ungum trúboðum dýrmæt félagsleg og fagleg tækifæri. „Trúboð mitt hefur sýnt mér fram á það að ég get unnið á almennum vinnumarkaði,“ sagði systir Young. (Hún hafði áður unnið á vernduðum vinnustað.)

Þrátt fyrir að ekki geti allir fúsir fulltíða einstaklingar þjónað, þá er allt gert til þess að koma til móts við öll verðug ungmenni. Ungir menn og konur sem myndu vilja þjóna á þennan hátt, geta talað við biskup sinn eða greinarforseta, sem getur fundið viðeigandi tækifæri fyrir þau.

Lesið meira á news.lds.org með því að leita undir “young church-service missionaries.” ■



Aðalvaldhafar Stúlknafélagsins og Líknarfélagsins ferðast um Asíusvæðið

Eftir Brendu Frandsen, fjölmiðlafulltrúa Asíusvæðisins

Með framlagi frá David O. Heaps, Paul Stevens, og Lindu Rae Pond Smith

Í nóvember 2012 ferðaðist Mary N. Cook, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Stúlknafélagsins, og Linda S. Reeves, annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins í níu daga, um þvert allt Asíusvæðið og kenndu og fylltu ungar og eldri systur hugmóði.

Ferðin hélst í hendur við tilkynninguna um endurskoðaða kennsluáætlun æskunnar, *Kom, fylgið mér*, sem piltar, stúlkur og sunnudagaskóli æskunnar hóf kennslu á í janúar á þessu ári. Nýja kennsluáætlunin er hönnuð til að hjálpa kennurum að kenna líkar því sem frelsarinn gerði og að styrkja böndin við nemendur sína.

Eftir ferð systur Cook og systur Reeves um Asíusvæðið hafa margir unglingar, og foreldrar þeirra, talað um að þeir finni sig hvatta til að hreinsa til í

Í Taívan hittu Mary N. Cook og Linda S. Reeves yfirmenn svæðisins og prest-dæmisleiðtoga og meðlimi í Taívan.

lífi sínu og leggja áherslu á að verða fordæmi í samfélögum sínum.

Í Hong Kong lofaði systir Reeves unga fólkinu: „Ef þið haldið ykkur hreinum í ykkar daglega lífi, þá getið þið staðið sjálfsörugg frammi fyrir hverjum sem er!“

Snortinn af orðum hennar þá sagði hinn 12 ára gamli Tang Kak Kei eftir fundinn: „Ég veit að ég þarf að lesa Mormónsbók daglega. Að læra að iðrast og að lifa réttlátlega er það sem *Til styrktar æskunnar* hefur kennt mér að gera, til þess að ljós Krists og sönn hamingja geti geislað út frá mér.“

Systir Cook hitti kirkjuþegna í nýja samkomuhúsinu í Chennai umdæminu á Indlandi og þar voru einnig meðlimir hinnar nýju indversku Hyderabad stíku og hún áminnti þá ungu og fullorðnu að undirbúa sig fyrir framtíðina. „Fáið ykkur menntun,“ hvatti hún þau, „sem mun veita ykkur þá kunnáttu sem þið þurfið til að byggja upp ríkið. Einblínið á fjölskyldur ykkar og á það sem þið getið gert til að blessa fjölskyldumeðlimi ykkar, og á andlegan undirbúning ykkar svo að þið verðið verðug þessarar andlegu hvatningar, svo að þið vitið hvert þið eigið að fara og hvað að gera.“

Systir Reeves tók þátt í fyrstu stíkuráðstefnunni sem haldin hefur verið í Surakarta stíkunni í Indónesíu. „Við skynjuðum auðmjúkan og elskandi anda þeirra, Alveg einstaklega trúfastir kirkjuþegnar!“ er haft eftir henni.

Systir Reeves heimsótti því næst Malasíu, þar sem hún ræddi við hóp Líknarfélagssystra um þau málefni sem eru brýnust fyrir Líknarfélagið í Malasíu, og hvernig kirkjan getur veitt leiðsögn og innblástur.

Í Taívan minntist systir Reeves á styrk og hollustu kirkjuþegna staðarins. „Við erum svo ánægðar að vita af trúfestu þeirra og reglulegra heimsókna þeirra í musterið, . . . kirkjuþegnar eru kærleiksrík fordæmi fyrir vini sína og nágranna,“ sagði systir Reeves. ■



LIÓSMYND EFTIR YANG CHEH-WEN



Æskufólk um allan heim sýnir hvernig þau standa á helgum stöðum.

Ósk um myndir af æskufólki

Þema ársins í starfi unga fólksins er „Standið á helgum stöðum og haggist ekki“ (K&S 87:8). Piltar og stúlkur, *Liahóna* er að leita að myndum af ykkur stöddum á helgum stöðum. Myndirnar gætu sýnt ykkur í faðmi fjölskyldunnar, að þjóna, vinna trúboðsstarf, í listsköpun, að læra fagnaðarerindið, að njóta náttúrunnar og fleira í þeim dúr! Svona sendið þið myndirnar ykkar inn.

- Fáðið einhver til að taka mynd af ykkur þar sem þið standið á helgum stað.
- Sendið mynd ykkar í hárra upplausn til liahona@ldschurch.org.
- Skrifðið útskýringu með, á því hvers vegna þetta er helgur staður fyrir ykkur.
- Látið fylgja fullt nafn ykkar, fæðingardag, nafn á deild og stiku (eða grein og umdæmi) og netfang foreldra ykkar, með í tölvupóstinum.

Í næsta tölublaði verða svo sýndar myndir af æskufólki alls staðar að úr heiminum.

Postular heimsækja Morokkó

Eftir að hafa stofnað 3000. stiku kirkjunnar í Sierra Leone í Vestur-Afríku, í desember 2012, fór öldungur Jeffrey R.

Holland úr Tölpóstulasveitinni og heimsótti litla, afskekktu grein kirkjunnar í Rabat, Morokkó.

Á sérstakri sunnudagskvöldvöku, deildi öldungur Holland þeim kærleika sem kirkjuleiðtogar hafa gagnvart hverjum kirkjuþegnum um allan heim, sama hve fáir þeir eru eða afskekktir landfræðilega þeir gætu verið.

„Við höfum ekki gleymt ykkur,“ sagði hann „og þið eruð hluti af þessu undra-verða verki er Drottinn ber kennsl á og hraðar söfnun Ísraels á þessum stórkostlegu, síðustu ráðstöfunartímum.“

Helgun Tegucigalpa-musterisins í Hondúras

Sunnudaginn 17. mars árið 2013, eftir hátíðarhöld og þriggja vikna opið hús, var Tegucigalpa musteríð í Hondúras helgað í þremur mismunandi athöfnum, sem voru sendar út til allra kirkjueininga í Hondúras og Níkaragva.

Kirkjuþegnar í Hondúras, sem hafa hingað til þurft að ferðast í nokkra klukkutíma til að komast í Gvatemala City musteríð í Gvatemala, fögnuðu því að sjá fyrsta musterí landsins helgað. Æðsta forsætisráðið tilkynnti byggingu þessa musteris þann 9. júní árið 2006, og fyrsta skóflustungan var tekin 12 september, 2009.

Monson forseti heimsækir Þýskaland

Seint á árinu 2012 ferðaðist Thomas S. Monson til Þýskalands til að hitta kirkjuþegna í Hamborg, Berlín, München og Frankfurt, og til að hvetja þá til að fylgja Jesú Kristi.

„Hann kenndi fyrirgefningu með því að fyrirgefa,“ sagði hann meðlimunum í Frankfurt. „Hann kenndi samúð með því að vera samúðarfullur. Hann kenndi trúrækni með því að gefa af sjálfum sér.“

Heilagur andi kennir mér

Frá því að fjölskylda mín gekk í kirkjuna, hef ég séð þann kraft sem kemur frá því að lesa *Liahóna*. Það er út af þessum djúpstæðu orðum sem ég fékk innblástur um að þjóna í trúboði. Í tímaritinu er fjallað um ýmis málefni, en það sem skipti mig máli er það sem heilagur andi kennir mér í hvert sinn sem ég les það. Sannarlega verðum við frjálsl — jafnvel á „óvinasvæði“ (sjá Boyd K. Packer, “How to Survive in Enemy Territory,” *Liahóna*, október 2012, 24) — er við lærum, lesum og heimfærum þær kenningar sem eru kenndar. Frelsarinn lifir, prestdæmið er á jörðunni og Guð er á himnum.

Newton T. Senyange, Úganda

Leiðrétting

Oktober tölublað *Liahóna* árið 2012 gerði þau mistök að eigna röngum ljósmyndara myndirnar í greininni “First Stake in India Organized” á blaðsíðum 76–77. Réttur ljósmyndari er systir Gladys Wigg. Við biðjumst afsökunar á þessum mistökum.

Í desember tölublaði *Liahóna*, árið 2012 skirðist Vigill fjölskyldan, sem rætt var um í greininni “Sacred Transformations” á bls. 36, í júlí 2010, en ekki í júní árið 2011. Einnig þá fæddist Andrea Vigill í júlí en ekki ágúst, 2012.S

Myndin á blaðsíðu tvö í bókinni *Teachings of Presidents of the Church: Lorenzo Snow* er með rangt heiti. Myndin er af syni Snow forseta, Oliver Goddard Snow. Einnig er myndatextinn á blaðsíðu 28 eilítið rangur. Víxla ætti nöfnum Brigham Young yngri og Francis M. Lyman.

DREKKA AF UPPSPRETTUNNI

Aaron L. West

Ritstýring: Útgáfuþjónusta kirkjunnar

Þegar við ræðum um feður mustera, bendum við yfirleitt á turnana, gluggana og veggmyndirnar. Við ræðum af lotningu um skírnarfonta, musterisgjafaherbergi, innsíglunarherbergi og himnesk herbergi.

Þegar spámaður vígir musteri og helgar það Drottni, vígir hann alla bygginguna, ekki aðeins fallegu hlutana sem allir sjá. Í vígslubæn Kansas City musterisins í Missouri Temple, sagði Thomas S. Monson forseti: „Við vígjum lóðina sem þetta musteri stendur á. Við vígjum sérhvern hluta þessarar fallegu byggingu, allt frá óséðum sökklinum til hinnar tignarlegu persónuimyndar af Moróni, sem er hæsti punktur hennar.“¹ Þegar Joseph Fielding Smith forseti flutti vígslubæn Ogden musterisins í Utah, vígði hann „sökkulinn, veggina, gólfid, loftid, turnana og alla hluta byggingarinnar,“ og hann helgaði „allan vélbúnað þess, rafleiðslur, innréttingar, loftræstikerfi og lyftur og allt sem viðkemur þessari byggingu.“²

Ég er þakklátur fyrir að Drottinn innblæs spámenn sína til að vígja hvern hluta allra mustera. Þótt hurðarlamið eða rafleiðslur hafi augljóslega minni tilgang en altari í



*Jesús Kristur er
uppspretta hins
lifandi vatns.*

innsíglunarherbergi, eru þeir gagnlegir hinum endanlega guðlega tilgangi musterisins.

Einn slíkur gagnlegur tilgangur hefur hjálpað mér að læra varanlega lexíu. Ég var eitt sinn í Salt Lake musterinu og var á leið út úr búningsherberginu, eftir að hafa tekið þátt í helgiathöfn fyrir dána. Ég tók eftir drykkjarbrunni og ég gerði mér grein fyrir að ég væri þyrstur, svo ég beygði mig til að teygja aðeins af vatninu. Orð bárust þá í huga minn:

Þú drekkur vatnið í musterinu, en teygjar þú í raun af hinu lifandi vatni sem hér er fāanlegt?

Þetta voru ekki orð ögunar eða hirtingar—aðeins ljúf áminning og spurning fyrir sálinu til að ígrunda.

Svar mitt við þessari spurningu var neikvætt. Ég teygði ekki nægilega mikið af hinu lifandi vatni musterisins. Ég varð að viðurkenna að ég hafði látið hugann reika þegar ég rétt áður hafði tekið þátt í helgiathöfninni fyrir dána. Þótt ég hefði gert dyggðugt verk fyrir fólkið sem þarfnaðist hjálpar minnar, hafði ég ekki tekið á móti allri þeirri hjálp sem ég þurfti á að halda.

Ætíð, þegar ég fer nú í musterið, leita ég uppi drykkjarbrunn og staldra við til að drekka af honum. Ég spyr mig hve vel ég teygja af brunni hins lifandi vatns. Svar mitt er: Enn ekki nægilega mikið. En þorsti minn er að verða meiri. ■

HEIMILDIR

1. Thomas S. Monson, í „Kansas City Missouri Temple: ‘Beacon of Divine Light’—an Offering of Hands and Hearts,” *Church News*, 12. maí, 2012, ldschurchnews.com.
2. Joseph Fielding Smith, í „Ogden Temple Dedicatory Prayer,” *Ensign*, mars 1972, 12.



OPINBER YFIRLÝSING

TEKNING EFTIR ROBERT T. BARRETT

WILFORD WOODRUFF

Wilford Woodruff þjónaði í trúboði á Stóra-Bretlandi á árunum í kringum 1840. Þjónusta hans leiddi til þess að yfir 1.000 manns létu **skírast**. Wilford Woodruff þjónaði síðar sem forseti **St. George musterisins í Utah**. Hann stuðlað að því sem kirkjuforseti að **Utah** yrði sjálfstætt fylki. Hann hlaut líka opinberun um og gaf út **Opinber yfirlýsing 1** þar sem hinum heilögu var boðið að láta af fjölkvæni.



*eiksviðsmyndir tengdar lífi Jesú
Kristis fyrir stuttmyndir á Alnetinu
á biblevideos.lds.org; nokkrar svið-
smyndir tengdar síðustu viku lífs frels-
arans eru birtar í greininni á síðu 26.
Í „Hlutverk og þjónusta Jesú Krists“
(bls. 18), segir öldungur Russell M. Nelson
frá fjórum atriðum tengdum þjónustu
frelsarans, sem við getum hagnýtt okkur
í lífi okkar.*